



SKOÐUN Utánríkisráðherra segja smáþjóðir geta haft áhrif á jafnrétti kynjanna. **13**



MENNING Frumflutningur á nýju tónverki eftir Atla Ingólfsson í Salnum. **18**



LÍFÍÐ Fimmtán ára vinkonur stofnuðu mannréttindaráð í Laugalækjarskóla. **26**



SPORT Kolbeinn Sigbórsson verður í eldflunni með Ajax í Meistaradeildinni. **22**

HITUM JPP FYRIR JÓLIN

NÝR 4BLS BÆKLINGUR

STÚFULLUR AF JÓLALEGUM VÖRUM Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TÖLVUTEK

Reykjavík · Hallarmúla 2 · 563 6900 | Akureyri · Undirhlöð 2 · 430 6900

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur
25. nóvember 2014
277. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

DAGBLAÐ A ÍSLANDI*
MEST LESNA

*Samkvæmt prentunsmáttinum Laugaveg 10, 101 Reykjavík, 2014

FRÉTTIR



Púsundir lána í óvissu
Ef tilskipun Evrópusambandsins er rangt innleidd gæti íslenska ríkið verið skaðabótaskyld gagnvart lántakendum. **4**

Sjómenn verða af tekjum
Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegmanna hefur úrskurðað að Vinnslustöðin greiði of lágt verð fyrir síld frá eigin skipum. **6**

Viðbrögð lögreglu til rannsóknar
Tólf ára piltur lést í Bandaríkjunum um helgina eftir að lögregluþjónn skaut hann tveimur skotum. **8**

Stofnfiskur seldur HB Grandi og fleiri íslenskir hluthafar Stofnfisks hafa selt fyrirtækið bresku líftækni-fyrirtæki fyrir fjóra milljarða króna. **10**



Bolungarvík	4°	SA	11
Akureyri	7°	S	6
Egilsstaðir	8°	SA	14
Kirkjubæjarkl.	5°	SV	5
Reykjavík	4°	SV	9

Strekkinger eða allhvasst víða á landinu í dag, hvasst á A- og V-landi. Styttr upp N-til en víða úrkoma annars, einkum SA-til. Hiti 1-8 stig, kólnandi. **4**

SÉRBLAÐ

Fólk

FÓLK

20 KÍLÓ FARIN



PUNG SPOR Sörgmæddir tónlistarkennarar gengu um miðborgina í gær. Þeir höfðu meðferðis líkkistu og krans sem myndlíkingu um að verið sé að jarða íslenska tónlist. Verfall tónlistarkennara hefur staðið í um fimm vikur. Samningafundur deiluaðila hófst klukkan eitt í gær og stóð enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ríkið niðurgreiðir launin

Ríkissjóður hefur frá 2011 greitt 1,2 milljarða í laun fiskvinnslufólks. Á sama tíma hefur útgerðin sett met í afkomu. Fimm stærstu greiddu út sjö milljarða í arð á síðasta ári og samanlagður hagnaður er 15 milljarðar.

FJÁRMÁL Ríkissjóður hleypur undir bagga með fiskvinnslustöðvum úti um allt land og greiðir laun til fiskvinnslufólks þegar hráefnisskortur er annars vegar. Á síðustu fjórum árum hefur ríkissjóður sett 1.152 milljónir króna í laun fiskvinnslufólks.

Þessi ráðstöfun ríkisfjár er byggð á lögum frá árinu 1995. Löggjöfin var sett til þess að tryggja launafólki kaup, svokölluð kauptrygging, og auka atvinnuöryggi í fiskvinnslu. Sjávarútvegurinn er eina atvinnugreinin sem býr við þessar aðstæður. Samkvæmt Vinnuálastofnun er þetta notað þegar lítið framboð er

á fiskmörkuðum eða þegar kvótaár-íð er langt komið og framboð á hráefni er lítið.

Hagnaður fimm kvótahæstu útgerðanna á Íslandi var um fimmtán milljarðar króna á síðasta ári og greiddu eigendur þeirra sér samtals um 6,8 milljarða í arð. Útgerðarfyrirtæki hafa verið að sýna afar góða afkomu síðustu ár og flest þeirra eiga og reka fiskvinnslustöðvar samhliða skipaútgerð.

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, telur mega endurskoða margt í ríkisreikningnum og vill skoða heildarmyndina. „Ég vil að þetta sé skoðað í stóra

samhenginu. Ríkissjóður blæs út nær stjórnlaust og við þurfum að spara í rekstri. Ég er viss um að við getum sparað á mörgum sviðum án þess að það komi niður á þjónustunni sem hið opinbera veitir. Ég er sannfærður um að það sé farið illa með opinbert fé,“ segir Brynjar sem telur mega endurskoða þennan útgjaldalið. „Hins vegar eru margir mun stærri útgjaldaliðir sem hækka nánast stjórnlaust án þess að menn geri sér grein fyrir þörfinni.“

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, gagnrýnir þessa ráðstöfun og telur útgerðina vera aflögufæra. „Þetta er stór

1.152 milljónir króna hafa verið greiddar af ríkissjóði í laun fiskvinnslufólks síðustu fjögur árin.

útgjaldaliður þar sem þjóðin kemur til móts við greinina með ákveðnum hætti,“ segir Árni Páll. „Á meðan útgerðin greiðir lágmarksveiðigjöld ættum við að skoða svona útgjaldaliði þar sem þjóðin hleypur undir bagga með greininni og hjálpar til við greiðslur launa.“

Margrét Vera Mánadóttir leikur í verki sem meintur faðir hennar samdi:

Pabbinn samdi Rocky Horror

FÓLK „Mamma og vinkona hennar fóru til London í byrjun árs 1997 og þar hitti mamma Richard O'Brien, höfund Rocky Horror, en hann lék einmitt Riff Raff í myndinni,“ segir Margrét Vera Mánadóttir.

Hún vill meina, samkvæmt því sem móðir hennar segir, að O'Brien sé faðir hennar. „Ég er búin að reyna að ná sambandi við hann en fæ engin svör.“

Þessa dagana er Margrét einmitt að æfa fyrir sýninguna Rocky Horror, sem leikfélag Menntaskóla Borgarfjarðar setur upp. Þar fer hún með hlutverk Riff Raff.

Margrét segir föður sinn hafa passað að skilja ekki eftir neina slóð eftir skyndikynnin, hann sé samkynhneigður og mikill talsmaður réttinda samkynhneigðra.

- as/ sjá síðu 26



Í HLUTVERKI RIFF RAFF Margrét (í miðjunni) leikur í verki föður síns.

Heilbrigðar tennur

FLUX

Flux flúormunnskol

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

SPURNING DAGSINS



Jón, er ekkert að óttast?

„Menn þurfa ekki að brynna músum yfir þessu.“

Ferfalt fleiri útköll eru nú hjá Jóni Má Halldórssyni meindýraeyði vegna músagangs í húsum en var í fyrra. Jón segir milt veður líklega ástæðu fyrir fjölgun í músastofnuninum.

Formaður þingnefndar vill innanríkisráðherra á fund til að skýra málin:

Geri hreint fyrir sínum dyrum

STJÓRN MÁL „Ráðherrann getur eftir sem áður komið á fund nefndarinnar og þá gert hreint fyrir sínum dyrum,“ segir Ögmundur Jónasson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, sem telur eðlilegt að Hanna Birna Kristjánsdóttir mæti fyrir nefndina þótt hún verði ekki lengur innanríkisráðherra þegar skýrsla umboðsmanns Alþingis um samskipti hennar við Stefán Eiríksson lögreglustjóra liggur fyrir.

Hanna Birna verður ráðherra þar til arftaki hennar verður kynntur

eftir helgi. Líklegt er að skýrsla umboðsmanns tefjist einnig fram yfir helgi.

„Eftir að hún lætur af embætti höfum við ekki lengur rétt til að krefjast aðkomu hennar en mér finnst eðlilegt og æskilegt að ráðherrann komi fyrir þingnefndina og svari þar spurningum þingmanna, bæði varðandi niðurstöður umboðsmanns og varðandi samskipti hennar við þingmenn og yfirlýsingar sem gefnar hafa verið í þinginu,“ segir Ögmundur.



LYKLAR AFHENTIR Ögmundur Jónasson er forveri Hönnu Birnu Kristjánsdóttur á stóli innanríkisráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

31.322 eru með vopnaleyfi: Flestir eiga bara eitt skotvopn

LÖGREGLUMÁL Gera má ráð fyrir að um einn af hverjum þremur Íslendingum yfir títugu eigi skotvopn. Í Afbrotatíðindum Ríkislögreglustjóra sem birt voru í gær kemur fram að í síðasta mánuði hafi verið skráð hér á landi 72.640 skotvopn. 469 skotvopnæigendur eiga tíu vopn eða fleiri. „En flestir eiga þó aðeins eitt vopn,“ segir í Afbrotatíðindum. 31.322 eru með skotvopnaleyfi, flestir á aldrinum 45 til 55 ára. Vopn á hvert leyfi eru því að jafnaði 2,3.

- óká



AFHENDING Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Aurora velgerðarsjóðs, Steve Schöni og Felix Jutzenka, ásamt Sia Nyama Koroma forsetafrú. MYND/ADSENÐ

Aurora velgerðarsjóður aðstoðar Síerra Leóne vegna ebólu: Um 20 milljónir í neyðaraðstoð

GÓÐGERÐARMÁL Stjórn Aurora velgerðarsjóðs ákvað á dögnum að leggja allt að tuttugu milljónir króna til neyðaraðstoðar í Síerra Leóne vegna ebólufaraldursins í landinu. Peningurinn fór meðal annars í að kaupa sjúkragögn og lyf. Breska flugfélagið Hangar8 gaf flutninginn og Jónar Transport sá um skipulag og flókna pappírsvinnu sem fylgir flutningum á lyfjunum.

Í ferðinni gekk sjóðurinn til samninga við tvö míkrolánafyrirtæki sem starfa í Síerra Leóne. Fyrirtækin fá samtals 50 milljónir króna að láni frá Aurora til að endurlána litlum og meðalstórum fyrirtækjum í uppbyggingu þeirra til framtíðar.

- gfp



HELLA Sveitarstjórnir fær 2,8 milljónir á ári í aksturspeninga „óháð því hvort um sé að ræða raunverulegan akstur“, eins og fulltrúar minnihlutans í hreppsnefnd segja.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bílapeningarnir ekki teknir af sveitarstjóra

Tillaga í hreppsnefnd Rangárþings ytra um að hætta að borga sveitarstjóranum fyrir akstur á eigin bíl og láta hann nota bíl sveitarfélagsins var felld af meirihlutunum sem segir ekki rétt að breyta starfskjörum hans svo stuttu eftir ráðningu.

SVEITARSTJÓRNIR Meirihluti sjálfstæðismanna í hreppsnefnd Rangárþings ytra felldi á dögnum tillögu minnihluta Á-listans um að spara 2,2 milljónir á aksturspeningum sveitarstjórans.

Tillaga frá Á-lista snerist um að breyta aksturskjörum sveitarstjóra frá því sem samþykkt var af meirihlutunum í upphafi nýs kjörtímabils síðastliðið vor.

„Sveitarstjóri nýti bifreið skrifstofu og/þá fái greitt eftir akstursdagbók í rökstuddum undantekningartilvikum eins og tókast yfirleitt í svona starfi. Sú fjárhæð sem sparast verði nýtt til uppbyggingar leikvalla í sveitarfélaginu,“ sagði í tillögunni.

Í greinargerð með tillögunni kom fram að sveitarstjóri fær 232 þúsund krónur í aksturspeninga á mánuði, samtals um 2,8 milljónir á ári, „óháð því hvort um sé að ræða raunverulegan akstur

eða ekki.“ Lagt væri til að sveitarstjóri nýti bíl skrifstofu sveitarfélagsins við dagleg störf líkt og áður hafi verið gert og ákveðið hafi verið í nágrennasveitarfélaginu Rangárþingi eystra. Ef sveitarstjóri teldi ástæðu til að nýta eigin bíl við störf væri greitt eftir akstursdagbók. Kostnaður vegna bíls sveitarfélagsins væri áætlaður 550 þúsund krónur á ári á móti fyrrenefndum 2,8 milljónum. Hagræðingin yrði því um 2,2 milljónir á ári.

„Kjör sveitarstjóra eiga ávallt að vera til skoðunar eins og aðrir kostnaðarliðir sveitarfélagsins. En þar sem sveitarstjóri er nýlega ráðinn til starfa telur D-listinn

→ Þar sem sveitarstjóri er nýlega ráðinn til starfa telur D-listinn ekki rétt að breyta ráðningarkjörunum.

Bókun meirihluta sjálfstæðismanna í hreppsnefnd Rangárþings ytra.

ekki rétt að breyta ráðningarkjörunum á þessari stundu,“ bókðu fulltrúar meirihlutans og felldu tillöguna.

Fulltrúar Á-lista sögðust „harma að meirihluti sveitarstjórnar sé því mótfallinn að hagræða í rekstri sveitarfélagsins á þennan hátt, sérstaklega þegar svo augljós sparnaður blasir við“.

gar@frettabladid.is



Jólablað Fréttablaðsins 2014:

Allt um jólin



JÓLABLAÐIÐ 2014 fylgir Fréttablaðinu í dag. Í blaðinu, sem er 112 síður, er að finna fjölda uppskrifta að aðalréttum, meðlæti, eftirréttum og smákökum. Einnig viðtöl tengd jólasíðum og venjum og hugmyndir að ýmsu föndri og skrauti. Meðal efnis er viðtal við innanhússarkitekt sem er með ævintýraskóg í stofunni og jafnframt skemmtilegir förðunar-, há- og tískubættir.

Jólablaðinu er dreift í lúgur í 90 þúsund eintökum í flestum hverfum höfuðborgarsvæðisins og á Akureyri. Á öðrum stærri stöðum má finna jólablaðið í Fréttablaðs-kóssum.

- að

Ráðherra segir af sér:

Hagel hættir vegna þrýstings



CHUCK HAGEL

BANDARÍKIN, AP Chuck Hagel tilkynnti í gær að hann muni hætta sem varnarmálaráðherra Bandaríkjanna. Hann hefur verið undir töluverðum þrýstingi lengi og þykir ekki hafa verið í sérlega góðum tengslum við Obama forseta og aðra ráðherra í stjórninni.

Þeir Barack Obama komu fram sameiginlega í gær til að skýra frá ákvörðuninni. Obama bar lof á Hagel en sagði hann sjálfan hafa komist að þeirri niðurstöðu að „nú væri rétti tíminn fyrir hann að ljúka þjónustu sinni“.

- gb

www.n1.is facebook.com/enneinn

Gríptu með þér eitthvað gott



Hluti af hádegini



Víðtæk leit var gerð að pólskum ferðamanni á Suðurnesjum:

Ferðamaðurinn fannst látinn

ANDLÁT Pólskur ferðamaður fannst látinn á Miðnesheiði í gær eftir víðtæka leit. Maðurinn hét Arkadiusz Pawel Maciag og var 42 ára. Hann var í heimsókn hjá vinafólki sínu hér á landi og samkvæmt tilkynningu frá lögreglu átti hann við andleg veikindi að stríða. Hann fór af dvalarstað sínum hér á landi um klukkan hálf sex á sunnudag og þegar hann skilaði sér ekki heim leituðu ættingjar hans til lögreglu.

Björgunarsveitarmenn byrjuðu að leita Maciags um klukkan 23 á sunnudagskvöld og skipuleg leit hófst um miðnætti. Á annað hundrað björgunarsveitarmenn tóku þátt í leitinni þegar mest var og þýrta Landhelgisgæslunnar var meðal annars notuð við leitina. Af og til meðan á leitinni stóð náðist símasamband við manninn en hann gat þó ekki gefið greinargóða

→ Ekki er talið að andlát Maciags hafi borið að með saknæmum hætti heldur að hann hafi orðið úti.

lýsingu á staðháttum. Um klukkan eitt um nóttina ræddi maðurinn við ættingja í síma og gat þá ekki gert grein fyrir því hvar hann var en sagðist vera orðinn blautur og kaldur. Hann fannst svo á Miðnesheiði norður af öryggisgirðingu sem afmarkar hafnar svæði Keflavíkurflugvallar um hádegisbil í gær. Að sögn Jóhannesar Jenssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns á Suðurnesjum, er ekki talið að andlát hans hafi borið að með saknæmum hætti. Krufning á eftir að fara fram en talið er að hann hafi orðið úti.

- vh



VAR Í HEIMSÓKN Arkadiusz var í heimsókn hjá ættingjum hérlendis.



Besti smábíllinn - aftur...

➤ Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 og nú aftur árið 2014 af sérfræðingum virta bílblaðsins Bilmagasinet.

Evrópubúar eru sammála þessari niðurstöðu því síðustu tvö ár hefur Ford Fiesta selst betur en nokkur annar smábíll í Evrópu.

Brimborg fagnar 50 árum í bílgreininni og af því tilefni fylgja ný Nokian vetrardekk að verðmæti 120.000 kr. öllum Ford Fiesta í nóvember. Nýttu tækifærið.

FORD FIESTA

BEINSKIPTUR

FRÁ **2.450.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **2.790.000** KR.



ford.is

50 ári bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Kynntu þér nánar mest selda smábíl Evrópu:

Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjári í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO₂ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggisþúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO₂ 99 g/km.

Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hð, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO₂ 114 g/km.

Ford Fiesta ST, EcoBoost bensín 182 hð, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. CO₂ 138 g/km. Kraftaútgáfan Fiesta ST hefur nú þegar hlotið 22 alþjóðlegar viðurkenningar.

Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

RÁÐGEFANDI ÁLIT EFTA-DÓMSTÓLSINS

Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir að íslenskir dómstólar úrskurði að lokum um hver áhrif álits EFTA-dómstólsins verða: Heildarverðmæti verðtryggðra lána er 1401 milljarður

„Það þýðir ekkert að tala um þessi efnahagslegu áhrif. Þau gætu verið mjög lítil en þau gætu orðið eitthvað meiri. Það er ekki fyrir en þetta skýrist meira hjá íslenskum dómstólum og í túlkunum og umræðum milli lögfræðinga að það er meira hægt að sjá fram á það,“ segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri um áhrif ráðgefandi álits EFTA frá því í gær.



MÁR GUÐMUNDSSON

kvæmd lána kunnir í einhverjum tilvikum að hafa verið röng, þá feli álitíð í sér mörg vafaatriði sem krefjast úrlausnar. Til dæmis að það þurfi einnig að sanna það fyrir íslenskum dómstólum að viðkomandi lán-

takandi hafi ekki þekkt eðli verðtryggingar. „Sá sem er búinn að vera með verðtryggð lán í mörg ár, hann hlaut að vita hvernig þau virkuðu,“ segir Már. Íslenskir dómstólar þurfi einnig að meta hvort niðurstaða EFTA-dómstólsins eigi við um fasteignaveðlán. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands er heildarverðmæti verðtryggðra útlána 1.401 milljarður íslenskra króna.

SKIPTING LÁNA

Heildarútlán heimila eftir útlánategund	1.769.819.000.000 kr.
þar af gengisbundin	4.616.000.000 kr.
þar af verðtryggð	1.401.076.000.000 kr.
þar af íbúðalánasjóður, LÍN og lífeyrissjóðir	1.019.793.000.000 kr.
þar af verðtryggð lán banka með veði í íbúð	315.219.000.000 kr.
þar af verðtryggð lán banka án veðs í íbúð	66.064.000.000 kr.
þar af óverðtryggð	347.657.000.000 kr.
Eignaleigusamningar	16.470.000.000 kr.

Þegar öll íbúðaveðlán og lán frá LÍN eru dregin frá má sjá alls 66 milljarðar króna. LÍN-lán nema 200 milljörðum króna. - jhh

Þúsundir lánasamninga í óvissu vegna álits EFTA-dómstólsins

Íslenskir dómstólar munu ákveða hvaða áhrif ráðgefandi álit EFTA hefur á þúsundir lánasamninga, þar á meðal fasteignalán. Ef tilskipun Evrópusambandsins er rangt innleidd kann sú spurning að vakna hvort íslenska ríkið sé skaðabótaskyld gagnvart lántakendum.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

Á þessari stundu er algjörlega óvíst hvaða áhrif ráðgefandi álit EFTA mun hafa á þúsundir lánasamninga sem gerðir hafa verið eftir að lög um neytendalán voru sett árið 1994.



Ég held að það sé alveg fráleitt annað en að telja að hann sé bara réttur og klár neytandi eins og 99 prósent alls almennings.

Björn Þorri Viktorsson, hæstaréttarlögmaður.

Íslenskir dómstólar þurfi ekki að taka sama tillit til hans og ungs lántakanda sem er að taka sitt fyrsta lán, eða innflytjanda sem tekur lán í fyrsta skipti og sannarlega þekkir ekki eðli verðtryggingar.

Björn Þorri Viktorsson, lögmaður Sævars Jóns Gunnarssonar, er ekki sammála þessari túlkun. Hann telur að álitíð eigi við um alla neytendur. „Já, engin spurning. Ekki ætla menn að fara að hártoga það eitthvað sérstaklega,“ segir Björn Þorri. Hann segir þó ljóst að málið snúist um það hvað viðkomandi neytandi vissi og hvað hann vissi ekki þegar hann tók lánið.

Björn Þorri bendir á að umbjóðandi sinn sé sjómaður með enga sérstaka menntun eða reynslu á sviði fjármála. „Ég held að það sé alveg fráleitt annað en að telja að hann sé bara réttur og klár neytandi eins og 99 prósent alls almennings,“ segir Björn Þorri.

Eftir að EFTA-dómstóllinn opinberaði álit sitt í gær sendi Landsbankinn frá sér yfirlýsingu þar sem segir að eitt af þeim álitaefnum sem muni reyna á fyrir íslenskum dómstólum sé hvort tilskipun Evrópu-



EFTA-DÓMSTÓLLINN Dómur var kveðinn upp í EFTA-dómstólum í Lúxemborg í gærmorgun, klukkan átta að íslenskum tíma.

→ Mun hafa áhrif á bankana

Allir stóru bankarnir þrír, Landsbankinn, Íslandsbanki og Arion banki, segja að verði það niðurstaða íslenskra dómstóla að lánveitandi hafi ekki upplýst neytandann nægjanlega vel um áhrif verðtryggingarákvæðis í lánasamningi kunnir það að hafa fjárhagslegar afleiðingar fyrir bankana. Allir bankarnir segja þó líka að eiginfjárlutfall þeirra verði eftir sem áður yfir eiginfjárvíðmiðum Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt viðmiðunum skal eiginfjárlutfall banka vera að minnsta kosti 16 prósent.

sambandsins um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi neytendalán hafi verið innleidd rétt í íslensk lög.

Bankinn telur að lög frá 1994 um neytendalán séu mjög afdráttarlaus um að ekki beri að taka tillit til breytinga á verðlagi við útreikning á áætluðum kostnaði lántaka af lántökunni. Hafi tilskipunin verið rangt innleidd kann sú spurning að

vakna hvort íslenska ríkið sé skaðabótaskyld gagnvart aðilum að lánasamningum, lánveitendum eða neytendum.

Samkvæmt nýjum lögum er ekki heimilt að miða við núll prósent verðbólgu þegar heildarkostnaður láns og árleg hlutfallstala kostnaðar er reiknuð. Nú skal miða við ársverðbólgu.

jonhakon@frettabladid.is

ÁHRIFIN ÓLJÓS

Enn ágreiningur um stærstu vafamálin



Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, segir óvíst hver áhrifin af áliti EFTA-dómstólsins verða. „Það er

ekki gott að segja fyrir en íslenskir dómstólar hafa kveðið upp sinn dóm. Þetta er ráðgefandi álit og það skilur mörg af veigamestu álitaefnum eftir fyrir íslenska dómstóla að útkljá,“ segir hann.

Það sé ótímabært að segja hvernig dómstólar muni meta áhrifin af því að miðað hafi verið við núll prósent verðbólgu í greiðsluáætlun.

Bankinn getur staðið af sér högg



Steinþór Pálsson, forstjóri Landsbankans, segir mjög erfitt að segja til um hvaða áhrif álitíð kann að hafa. „Þetta er

ráðgefandi álit. Því er vísað til dómstóla hér á landi að fjalla um það,“ sagði Steinþór í samtali við Stöð 2 í gærkvöldi. „Í þessu áliti er opnað á ýmsa hluti sem dómstólar þurfa að líta til. Þetta mun hafa áhrif á eignir bankans og um leið rekstraráhrif. Þau áhrif geta orðið töluverð en ekki eitthvað sem bankinn getur ekki staðið af sér,“ sagði Steinþór. Hann sagði að eigið fé bankans væri um 240 milljarðar. „Langt yfir kröfum eftirlitsaðila þannig að bankinn á að geta staðið af sér töluverð neikvæð áhrif,“ sagði Steinþór.

15% afsláttur af Nicorette QuickMist af öllum pakkningastærðum

Gildir til 7. desember 2014

Lyf & heilsa

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 21°	Friedrichshafen 11°	New York 17°
Ápna 12°	Gautaborg 8°	Orlando 28°
Basel 13°	Kaupmannahöfn 8°	Ósló 3°
Berlín 7°	Las Palmas 23°	París 9°
Billund 8°	London 10°	San Francisco 17°
Frankfurt 6°	Mallorca 20°	Stokkhólmur 6°

Á MORGUN 5-12 m/s. hvassast NV-til

FIMMTUDAGUR 10-15 m/s S-til, annars hægar

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

ALUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjórdís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK- OG SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolbeinn@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFTIR: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrunnar Helgason hrunnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Margverðlaunuð

SONY

tæki á lægra verði en áður hefur sést

Gildir til 30. nov. á meðan birgðir endast.

5 ára alþjóðleg SONY ábyrgð
fylgir tækjunum hjá Heimkaup.is

40" Tilboð 119.990,-
48" Tilboð 159.990,-
60" Tilboð 299.990,-

- 200Hz X-Reality myndvinnsla
- Dynamic Edge LED baklýsing
- Notað snjallsíma sem fjarstýringu
- Möguleiki á Skype, Twitter og Facebook



42" Tilboð 159.990,-
50" Tilboð 209.990,-
55" Tilboð 269.990,-

- 400Hz – 800Hz X-Reality Pro Myndvinnsla
- 3D (2 gleraugu fylgja með)
- Sony Bass Reflex hátalara kerfi
- Möguleiki á Skype, Twitter og Facebook

**42" Tilboð 149.990,-**

- 200Hz X-Reality Pro Myndvinnsla
- Dynamic Edge LED baklýsing
- Sony Bass Reflex hátalara kerfi
- Möguleiki á Skype, Twitter og Facebook

**32" Tilboð 79.990,-****40" Tilboð 99.990,-**

- 100Hz X-Reality Myndvinnsla
- Edge LED Baklýsing
- Clear Resolution Enhancer sem eykur skerpu
- Stafrænn Móttakari DVB-T2/C

**2.1 Soundbar með þráðlausum bassa****Tilboð 63.990,-**

- Kröftugur soundbar með þráðlausum bassa
- 300W, 32 bita magnari
- S-Force Front surround tryggir frábæra upplifun
- NFC og Bluetooth fyrir símann eða tölvuna

**SRS X2 Bluetooth hátalari****Tilboð 19.990,-**

- Flott hljómtæki fyrir snjallsímann eða spjaldtölvuna.
- Einnar snertingar tenging með NFC og Bluetooth
- Innbyggður hljóðnemi fyrir símtöl

**EX-15 Silicon
heyrnatappar****Tilboð 3.190,-**

- 100Hz X-Reality Myndvinnsla
- Edge LED Baklýsing
- Clear Resolution Enhancer sem eykur skerpu
- Stafrænn Móttakari DVB-T2/C



Meirihluti Íslendinga verslar á netinu! Komdu í hóp tugþúsunda ánægðra viðskiptavina Heimkaup.is

**Öryggi - ekkert mál
að skila eða skipta**

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

**Hægt að greiða
við afhendingu**

Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

**Vefverslunin
sem selur allt**

Við bjóðum nú þegar yfir 10.000 vörutegundir og yfir 100 bæstast við daglega. Við stefnum að því að selja allt!

**Frí heimsending
samdægurs**Pantaðu fyrir kl. 17⁰⁰ og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000,- eða meira.**Heimkaup.is**

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

HEIMKAUP

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða tvær skýringar hafa verið gefnar á auknum músagangi?
2. Hvaða umdeildu lög samþykkti ríkisstjórn Ísraels um helgina?
3. Hver leikstýrir ljóðagjörningnum Sál mín var dvergur á dansstað í gær?

SVÖR:
1. Gæmningu vegna eldrossins og hlý-
veitur. 2. Lög um að skilgreina Ísraelsríki
sem ríki gyðinga. 3. Hilin Agnarssóttir.

Alþýðusambandið (ASÍ) segir mikla þörf fyrir félagslegt leiguhúsnæði: Stórir hópar sagðir utanveltu

EFNAHAGSMÁL Þrátt fyrir eftirspurn fjölgaði félagslegum leiguhúsum sveitarfélaga bara um 60, eða 1,2 prósent, milli 2012 og 2013, að því er fram kemur í nýrri umfjöllun Alþýðusambandsins.

Þá áformi fá sveitarfélög aukningu slíks húsnæðis á næstunni. Reykjavíkurborg standi undir nær allri áformadri fjölgun, en þar standi til að fjölga íbúðum um 270. Í Kópavogi séu áform um að fjölga íbúðum um tíu. Hafnarfjörður og Mosfellsbær ætli einnig að bæta

við ótilgreindum fjölda íbúða. „Úmsóknunum fer fjölgandi, biðlistar eru langir og biðtími í mörgum tilvikum langur, einkum í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu,“ segir í umfjölluninni.

ASÍ segist ítrekað hafa bent á að stórir hópar í samfélaginu séu utanveltu á húsnæðismarkaði og búi við mikild óryggi í húsnæðismálum. „Það er skylda stjórnvalda að tryggja þessu fólki húsnæðis-
öryggi á viðráðanlegum kjörum.“

- óka



FASTEIGNIR ASÍ segir Reykjavík hlutfallslega bjóða flestar félagslegar íbúðir, 1,8 á hverja 100 íbúða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rekið á eftir ákvörðun: Aðkallandi að fá nýtt mastur

FJARSKIPTI „Þau vandamál sem útvarpsrekstur á höfuðborgarsvæðinu á við að etja eru nú enn meir aðkallandi en áður,“ segir Gautur Þorsteinnsson, verkfræðingur hjá Fjarskiptum, í bréfi til skipulagsfulltrúa þar sem ítrekuð er ósk um leyfi fyrir mastur fyrir RÚV á Úlfarsfelli.

„Nýlega hefur öryggisshlutverk útvarpsþjónustu við náttúruhamfarir verið nefnt á opinberum vettvangi,“ segir í bréfi Gauts.

- gar

Rakavarnarplast og þéttiefni á frábæru verði

Raka- og vatnsþéttiefnin frá Múrbúðinni eru vottuð hágæða vara á sérlega hagstæðu verði.

Rakapolplast 0,2 mm
Stærð 4x25metrar= 100m²

kr. **10.590**

HEYDI
ABDICHTUNGSTECHNIK



Bostik Folien
rakavarnarlim
315g
kr. **1.065**



Bostik/Heydi
K11 þéttimúr kr. **4.190**

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ



Vinnslustöðin borgar einnig of lágt verð

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hefur úrskurðað að Vinnslustöðin greiddi of lágt verð fyrir síld frá eigin skipum. Sjómenn verða af tekjum vegna framkvæmdarinnar. Úrskurðurinn nauðalíkur úrskurði gegn Skinney-Þinganesi.

ATVINNUMÁL Vinnslustöðinni hefur verið gert skylt að greiða ákveðið verð fyrir síld upp úr sjó og til bræðslu samkvæmt úrskurði Úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna. Útgerðin greiddi of lágt verð fyrir afla og hlunnfór þannig sjómenn sína að mati formanns Sjómannasambandsins. Úrskurðurinn er í meginatriðum sá sami og úrskurður gegn Skinney-Þinganesi sem Fréttablaðið greindi frá í gær.

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum er meðal öflugustu sjávarútvegsfyrirtækja landsins og rekur bæði útgerð og fiskvinnslu. Vinnslustöðin gerir út nú skip og er með um 250 fastráðna starfsmenn í vinnu.

Fyrirtækið kaupir afla fiskiskipa til fiskvinnslunnar á ákveðnu verði. Þannig kaupir fyrirtækið af sjálfu sér aflann sem kemur að landi. Þetta verð ákvarðar síðan laun sjómanna þar sem laun þeirra eru einvörðungu ákvörðuð af verðmæti þess afla sem kemur að landi. Í gögnum verðlagsstofu skiptaverðs kemur fram að útgerðin greiddi 35 krónur vegna síldar til bræðslu og 41,8 krónur vegna síldar til vinnslu.

Það verð fannst Verðlagsstofu skiptaverðs of lágt og skaut málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna. Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að verði væri sannarlega lægra en gengur og gerist. Úrskurðaði nefndin að verð á síld upp úr sjó ætti að vera 48,5 krónur og 39 krónur til bræðslu.

Þessi munur á verði veldur því að sjómenn fengu lægra kaup. Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands,



VINNSLUSTÖÐIN Verðlagsstofa skiptaverðs skaut máli sínu til úrskurðarnefndar. Vinnslustöðin þarf að greiða hærra verð fyrir síld til sjómanna sinna.

segir þennan dóm í öllum meginatriðum eins og þann sem Fréttablaðið fjallaði um í gær, gegn Skinney-Þinganesi. „Þetta eru mjög líkir úrskurðir þar sem borgað er lægra verð fyrir aflann og þannig fá sjómennirnir minna í sinn hlut og lægri laun. Verðlagsstofa skiptaverðs er að þessu leyti að sinna vinnu sinni vel og sýnir að það er þörf á henni í því skipulagi veida sem er við lýði í dag.“

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, er ekki sammála úrskurði nefndarinnar og telur rökstuðningi ábótavant. „Við erum að við að okkur gögnum í þessu



„Að okkar mati teljum við úrskurðinn ekki á rökum reistur. Okkur finnst vanta rökstuðning við hann.“

Sigurgeir B. Kristgeirsson,
framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar.

máli, lesa úrskurðinn og erum að kanna málið. Að okkar mati teljum við úrskurðinn ekki á rökum reistur. Okkur finnst vanta rökstuðning við hann.“
sveinn@frettabladid.is

Lóðir til sölu



Lóðir fyrir flutningshús

Til sölu er byggingarréttur fyrir flutningshús á tveimur lóðum í grónum hverfum. Lóðirnar eru **Prastargata 1** og **Einarsnes 62**. Gerð er sú krafa að hús sem sótt er um að flytja á þessar lóðir falli vel að umhverfinu og séu í svipaðri stærð og nærliggjandi hús.

Umsóknunum skal skilað fyrir kl. 16.00 föstudaginn 5. desember 2014 á netfangið lodir@reykjavik.is eða í þjónustuver okkar að Borgartúni 12 – 14.

Með umsókn skal gera grein fyrir því húsi sem sótt er um að flytja á lóðina og verða umsóknir metnar með tilliti til skipulagssjónarmiða svo sem stærðar lóðar og nýtingarhlutfalls.

Nánari upplýsingar og skilmálar á www.reykjavik.is/lodir.



Skrifstofa eigna og atvinnubrúnaar | s. 411 11 11
Ráðhús Reykjavíkur | reykjavik.is/sea

Boðað til mótmæla vegna handtöku manns á Ísafirði í síðustu viku:

Mótmæla aðgerðum lögreglu

LÖGREGLUMÁL Boðað hefur verið til mótmæla við lögreglustöðina á Ísafirði á laugardag vegna aðgerða lögreglu við handtöku manns 17. nóvember síðastliðinn. Lögreglan á Vestfjörðum sendi í gær frá sér tilkynningu vegna málsins þar sem kemur fram að hún telji aðgerðir hafa verið réttmætar miðað við aðstæður. Maðurinn handleggs- og fingurbrotnaði við handtökuna. Lögreglan var kölluð að húsi á Ísafirði aðfaranótt mánudagsins 17. nóvember vegna manns í sjálfvígshugleiðingum.

Maðurinn var vopnaður hnífi og samkvæmt tilkynningu lögreglu bæði hótadi maðurinn og reyndi ítrekað að veita lögreglumönnum áverka með hnífnum. Þeir hafi reynt að fá manninn til þess að leggja frá sér hnífinn en þegar það hafi ekki borið árangur þá hafi kylfu og varnarúða verið beitt. Þegar það hafi ekki borið tilætlaðan árangur vopnuðust lögreglumenn, settu á sig varnarbúnað og skambbyssur í slíður.

Maðurinn var í framhaldi handtekinn, færður á lögreglustöð og vakthafandi lækni kallaður til. Í



RÉTTMÆTAR AÐGERÐIR í tilkynningu lögreglu segir að þeir telji aðgerðina réttmæta.

tilkynningu lögreglu kemur fram að í aðgerð lögreglu hafi vopnum ekki verið beitt.

Boðað hefur verið til mótmæla á Facebook og hafa um fimmtíu manns boðað komu sína á þau. Þar kemur fram að aðgerðum lögreglu sé harðlega mótmælt.

- vh

Glæsilegir búningar fyrir krakka sem vilja verða töfrahettjur.



4999,-

Stærðir
3-4 ára
5-6 ára
7-8 ára

VERTU TÖFRAHETJA!

GALDRABÓKIN ER KOMIN!

Galdrabók Einars Mikael og töfrahettjanna er komin í Hagkaup.

Markmið bókarinnar er að hvetja ungt fólk til að gera ótrúlega hluti og setja upp sína eigin sýningu. Galdrabókin er troðfull af skemmtilegum og spennandi töfrahettum eins og spilagöldrum, sjónhverfingum, þrautum og litlum kraftaverkum. Allt sem þarf til að framkvæma töfrahettu er nú þegar til á öllum heimilum. Mjög einfalt er að læra þetta í bókinni, hentar vel fyrir allt ungt töfrahettufólk bæði stráka og stelpur.



3999,-



EINFALT AÐ
SKILA EÐA SKIPTA

Skilamiði
Skilamiði
HAGKAUP
HAGKAUP

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

LANDFESTAR

BIRTING LÝSINGAR

Útgefandi: Landfestar ehf., kt. 440805-0270, Álfrheimur 74, 104 Reykjavík

Landfestar ehf. hefur birt lýsingu í tengslum við umsókn um að skuldabréfaflokkurinn LF 14 1 verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin er dagsett 24. nóvember 2014 og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, gefin út á íslensku og birt á vefsíðu Landfesta ehf., www.landfestar.is/fjarfestatengsl. Lýsinguna má nálgast á vefsíðunni næstu 12 mánuði og hjá útgefanda í höfuðstöðvum félagsins að Álfrheimur 74, Reykjavík. NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir opinberlega, með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara, ef skuldabréfin eru tekin til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin verður á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Skuldabréfin eru gefin út af Landfestum ehf. Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefna skuldabréfa, sem öll hafa verið seld, nemur 12.500.000.000 kr. að nafnverði. Bréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Auðkenni flokksins er LF 14 1. ISIN-númer skuldabréfanna er IS0000024883. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum og er hver eining skuldabréfanna 20.000.000 kr. að nafnverði. Tilgangur með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við reglur fyrir útgefendur fjármálagerna, útgefna af NASDAQ OMX Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma, svo og að auka markaðshæfi skuldabréfanna.

Nánari upplýsingar um Landfestar ehf. og skuldabréfaflokkinn LF 14 1 má finna í lýsingu Landfesta ehf. sem gefin var út 24. nóvember 2014. Fyrirtækjaraðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hafði umsjón með því ferli að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Reykjavík, 24. nóvember 2014
Stjórn Landfesta ehf.




SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Viðbrögð lögreglu tekin til rannsóknar

Tólf ára piltur lést í Bandaríkjunum um helgina, daginn eftir að lögregluþjónn skaut hann tveimur skotum. Pilturinn hafði sveiflað loftbyssu á leikvelli í Cleveland. Strákurinn varð ekki við ósk lögreglunnar um að rétta upp hendur.

BANDARÍKIN Bandaríska þingkonan Alicia Reece, sem á sæti á ríkisþinginu í Cincinnati, vill að sett verði lög um að loftbyssur og svipuð vopn verði auðkenndar með því að þær verði skærhljóðar á litinn. Með þessu megi koma í veg fyrir að lögreglan skjóti á fólk með slík vopn.

Tólf ára piltur lét lífið nú um helgina eftir að lögregluþjónn í Cleveland skaut hann tveimur skotum. Pilturinn hét Tamir Rice.

Hann hafði verið að sveifla loftbyssu á leikvelli þegar lögregla kom þar að, eftir að einhver í nágrenninu hafði hringt í neyðarlínuna. Sá sem hringdi sagðist ekki vera viss hvort um raunverulega byssu væri að ræða eða leikfangabyssu.

Þegar lögregla skipaði honum að rétta upp hendur varð hann ekki við því, heldur greip til byssunnar og var þá skotinn. Hann hafði ekki haft í frammi neinar hótanir, hvorki við lögreglu né aðra.

Viðbrögð lögreglunnar hafa vakið furðu og verða nú tekin til rannsóknar. Pilturinn var dökkur á hörund og fellur þar með í flokk fjölmargra þeldökkra ungra manna sem bandarískir lögreglu-



MÓTMÆLI Íbúar í Bandaríkjunum hafa víða efnt til mótmæla síðustu daga gegn byssugleði lögreglunnar þegar blökkumenn eru annars vegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



þjónar hafa orðið að bana undanfarin ár og áratugi.

Tveir lögregluþjónar komu á vettvang og hafa þeir báðir verið sendir í leyfi.

Svipað atvik varð í ágúst síðastliðnum í borginni Dayton, þar sem 22 ára gamall maður var með loftrifil á ferð í Wal-Mart-verslun. Lögregluþjónar, sem komu á vettvang eftir samtali

BYSSAN Skotvopnið sem Tamir Rice veifaði á leikvöllinum reyndist vera loftbyssu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

neyðarlínu, sögðust hafa haldið að þetta væri fullgilt skotvopn og skutu á manninn, sem lét lífið. gudsteinn@frettabladid.is

NÝR NISSAN JUKE

TÖFFARINN Í FJÖLSKYLDUNNI



Innovation that excites



ÞAÐ ER KOMINN NÝR NISSAN JUKE

Þú situr hátt eins og í jepplingi, billinn bregst hratt við eins og sportbilar gera og þú getur jafnvel breytt aksturseginnleikum hans á ferð. Nýr Juke er einstakur bill með einstaka aksturseginnleika. Hönnuðir Nissan Juke skilja vel að sumir vilja velja eftir eigin smekk og hafa kjark til að vera öðruvísi. Með nýjum Nissan Juke er hægt að velja úr fjölbreyttu úrvali aukahluta í litum sem henta breytilegum smekk.

JUKE ACENTA dísil

Eyðsla: 4 l/100 km*

Verð frá: 3.690.000 kr.

www.nissan.is



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TILBOÐ

TOPTUL®



7 SKÜFFUR

SÁ VINSÆLI

283 verkfæri 179.900 m/vsk



TOPPLYKLASETT 20 STK

1/2" toppar
Skrall 36 tanna
Stærðir 8 - 32mm
Flott sem áfylling í sett



6.900 m/vsk


Okkar besta verð



8 SKÜFFUR

PRO PLUS SERIA

322 verkfæri 239.900 m/vsk



TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska



vnr IBTGCAI094R

14.900 m/vsk


Fullt verð 25.231



7 SKÜFFUR

PRO PLUS SERIA

282 verkfæri 199.900 m/vsk



VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska



vnr IBTGCAI130B

24.900 m/vsk

Fullt verð 37.900



8 SKÜFFUR

SÁ RISASTÓRI

360 verkfæri 289.900 m/vsk



VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrufjárn, töng
Nippilyklar og fl.
Sterk plasttaska



21.900 m/vsk

Fullt verð 37.200

VERKFÆRASETT 106 STK

Toppar 1/4 - 1/2" 4 - 32 mm
Fastir lyklar 6 - 22mm
Kertatoppar, bitasett og fl.
Sterk plasttaska



vnr IBTGCAI106B

18.900 m/vsk

Fullt verð 28.396



1.490 m/vsk

BARA Á NETINU

5.900 m/vsk

BARA Á NETINU

www.sindri.is / sími 575 0000

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

Vantraust yfirstjórnenda: Reynir hættur

STJÓRNSÝSLA Reynir Jónsson er hættur sem framkvæmdastjóri Strætó bs. Reynir hefur verið í sviðsljósinu vegna bílakaupa, en hann keypti 10 milljóna króna jeppa í nafni Strætó án vitundar stjórnarinnar eftir að hafa eyðilaggt annan bíl, sem hann hafði til umráða, í laxveiði.

„Það er sameiginlegt mat beggja aðila að ekki sé til staðar það traust sem nauðsynlegt er á milli stjórnar og framkvæmdastjóra,“ segir í tilkynningu Strætó til fjölmiðla. Staða framkvæmdastjóra verður auglýst. -vh

Enn gýs kröftuglega í Holuhrauni en merkjanlegar eru breytingar á bæði gosmekki og hraunrennsli: Merkjanlegar breytingar á hegðun gossins

NÁTTÚRA „Hópur sem var á svæðinu í síðustu viku, sem Ármann Höskuldsson leiddi, sá þetta gerast,“ segir Magnús Tumi Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, um breytingar á hraunrennsli og útstreymi gass í gosmekkinum frá eldstöðinni í Holuhrauni, sem hvort tveggja er sveiflukenndara en áður.

Frá þessum breytingum er greint stuttlega í skýrslu vísindamannaráðs í gær. Þar segir einnig að annars vegar séu sveiflur sem

taka margar klukkustundir og hins vegar smærri sveiflur á tíu til tuttugu sekúndna fresti.

Magnús Tumi segir lítið hægt að lesa í þessa „breyttu hegðun“ eldgossins. Erfitt sé að segja til um hvað þarna er á ferðinni. Hins vegar hafi eitt af einkennum gossins hingað til verið hversu stöðugt gasútstreymi og hraunrennslið frá eldstöðinni hefur verið. Miklu algengara sé í hraungosum að framleiðsla gosefnanna sé breytileg eftir tímabilum.

Fyrstu niðurstöður frá nýjum jarðskjálftamæli sem settur var upp á Bárðarbungu 11. nóvember sýna að sigskjálftarnir í Bárðarbungu verða í efstu þremur kílómetrum jarðskorpunnar, en ekki á fimm til átta kílómetra dýpi eins og lengi hefur verið talið.

Þetta bendir til þess að grynna sé niður á kviku en áður var talið, segir Magnús Tumi en breytir ekki miklu hvað varðar þær sviðsmyndir sem vísindamenn hafa unnið með til þessa. -shá



HOLUHRAUN Hraunbreiðan er orðin rúmlega 72 ferkílómetrar að stærð – og enn gýs kröftuglega. MYND/MORTENRIISHUIS

Stofnfiskur seldur til bresks líftæknifélags

HB Grandi og fleiri íslenskir hluthafar Stofnfisks hafa selt fyrirtækið bresku líftæknifyrirtæki. Kaupverðið er um fjórir milljarðar króna – og gæti hækkað nái fyrirtækið ætluðum árangri. Tvöfalda á hrognaframleiðslu á næstu þremur árum.

VIÐSKIPTI Fyrirtækið Stofnfiskur, sem er stærsti framleiðandi laxahrognna hér á landi, hefur verið selt breska líftæknifyrirtækinu Benchmark Holdings plc. Með kaupunum verða erfða- og stofnfiskranssóknir á laxi hérlendis eflar, og hrognaframleiðsla aukin mikið.

Jónas Jónasson, framkvæmdastjóri Stofnfisks, segir að sala félagsins á þessum tímabili skýrist af þörfinni til að styrkja reksturinn til framtíðar og auka umsvif. „Áherslurnar breytast ekki, en þetta félag hefur víðtæka þekkingu á fiskeldi og vill bæta erfðarannsóknunum við sín umsvif. Þeir eru mjög áhugasamir um rannsóknir og þróun og sá hluti fyrirtækisins verður eflaður mikið,“ segir Jónas.

Jónas segir að framleiðslugeta Stofnfisks sé mun meiri en framleiðsla dagsins í dag. Nú eru framleidd 60 til 70 milljón hrogn á ári og velta Stofnfisks er um 1,5 milljarðar á þessu ári, en Jónas segir markmiðið að tvöfalda umsvif fyrirtækisins á næstu þremur árum. Jónas vonar að þetta þýði fleiri störf en þegar starfa 43 hjá félaginu.

Langstærsti hluthafi Stofnfisks var HB Grandi, með tæp 65% hlutfjár og nemur söluverð hlutarins tæpum tveimur milljörðum íslenskra króna. Söluverð hlutanna getur þó hækkað nái Stofnfiskur hf. sölu-markmiðum sínum innan þriggja ára en hæst getur söluverð hlutanna numið rúmum þremur milljörðum. Að auki verður rekstrarlán HB Granda til Stofnfisks, sem nam um 1,4 milljörðum króna í árslok 2013, greitt upp af hálfu Stofnfisks hf. í kjölfar sölunnar. Stofnfiskur hefur vaxið hratt og engin launung á því



LAXAHROGN Heimsmarkaður fyrir laxahrogn er metinn á 30 milljarða króna á ári. MYND/STOFNFISKUR

VERÐUR STERKT ALPJÓÐLEGT FYRIRTÆKI

Benchmark Holdings hafði fyrir umsvif í Bretlandi, Noregi, Taílandi og í Bandaríkjunum, fyrirtækið var stofnað árið 2000 og hefur m.a. náð árangri í kynbótum á svínunum og kjúklingum.

SalmoBreed er norskt kynbótafyrirtæki sem hefur verið í eigu nokkurra norskra eldisfyrirtækja. Um skeið hefur verið unnið að sölu fyrirtækisins til að renna styrkari stoðum undir reksturinn; í samstarfi við fyrrverandi eigendur. SalmoBreed hefur náð árangri í að einangra erfðapætti í erfðamengi laxa sem gerir ónæmiskerfi þeirra sterkara, en einnig til þess að auka vöxt og holdgæði.

Stofnfiskur hefur náð árangri og mikilli athygli fyrir að geta afhent hrogn allt árið, úr landstöð þar sem fiskur er ekki í snertingu við villtan fisk sem getur fært sjúkdóma á milli. Þar á meðal hefur Stofnfiskur leyfi til að flytja hrogn til Síle, eitt fyrirtækja.

að áhugi á félaginu var orðinn mikill erlendis, það endurspeglast í því að kaupverðið er mun hærra en HB Grandi hafði gert ráð fyrir í sínum bókum árið 2013.

Benchmark Holdings kaupir tæp 82% hlutabréfa í Stofnfiski, en gekk á sama tíma frá kaupum á öllu hlutafé norska fyrirtækisins Salmo-

Breed AS. Ætlunin er að slá starfsemi fyrirtækjanna saman.

„Þeir keyptu þetta fyrirtæki á sama tíma í viðleitni sinni til að gera þetta að mjög öflugum alþjóðlegu fyrirtæki,“ segir Jónas sem veit ekki hvort nafnið, Stofnfiskur, fær að halda sér.

svavar@frettabladid.is

ÞAKKARGJÖRÐAR KALKÚNA VEISLA



Hin sívinsæla kalkúnaveisla vegna þakkargjörðardags verður haldin 27. og 28. nóvember. Yfir borðhaldi að kvöldi föstudagsins 28., verða spilaðir léttir jass tónar.

Hádegisverður: 3.255 kr.
Kvöldverður: 4.360 kr.

Borðapantanir eru í síma 511 6030
eða á booking@hotelcabin.is

Hotel Cabin

Jólasníðjunnur frá Kexsmiðjunni fást í helstu verslunum



Njóttu aðventunnar með góðgæti frá Kexsmiðjunni. Smakkaðu jólasníðjunnur frá Kexsmiðjunni.

Gleðileg íslensk jól

Öflug þjónusta við leigjendur

Almenna leigufélagið býður leigjendum sínum sólarhringsþjónustu

Leigjendur okkar vita nákvæmlega hvert þeir eiga að leita ef íbúðin þeirra þarfnast viðhalds og þökk sé góðu samstarfi við Securitas getum við sinnt neyðartilfellum allan sólarhringinn. Almenna leigufélagið ætlar að gera leigu að raunhæfum valkosti á húsnæðismarkaði með því að tryggja leigjendum örugga búsetu.



Langtíma leigusamningur



Sveigjanleiki



24/7 þjónusta

**ALMENNA
LEIGUFÉLAGIÐ**

almennaleigufelagid.is



Samstarf Almenna leigufélagsins og Securitas tekur til allra íbúða félagsins.

Lekamálinu er hvergi nærri lokið.

Hver er að draga hvern niður?

Þeir sem önduðu léttrar við afsögn Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra á föstudaginn og töldu að þar með væri hægt að leggja lekamálið til hvílu þurfa að hugsa málið upp á nýtt. Það virðist nefnilega langt í það að öll kurl í því máli komi til grafar og hætt við því að fleiri þurfi að fjúka áður en um hægist. Efst á þeim lista er að sjálfsgöðu lögreglustjórinn í Reykjavík, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sem virðist hafa gert sig seka um óafsanlegt fljótræði, svo ekki sé dýpra í árinna tekið, með því að afhenda pólitískum aðstoðarmanni ráðherra trúnaðargögn úr sakamálarannsókn.

Fríðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is

Þekki þeir ekki úr störfum sínum og margir þeirra furða sig á þessu framferði hennar. Fram kemur í sömu frétt að Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í innanríkisráðuneytinu, telur aðstoðarmenn ekki hafa heimild til að óska eftir gögnum um einstök mál sem heyra undir ráðherra þeirra. Aðstoðarmenn geti einungis óskað eftir gögnum sem varða pólitísk störf ráðherra sem þeir vinna fyrir eða stefnumótun. Ragnhildur bendir jafnframt á að rannsókn lögreglu á sakamálinu og meðferð ákærvalds lýtur ekki eftirliti dómismálaráðherra heldur ríkissaksóknara, sem er æðsti handhafi ákærvalds. Það virðist því liggja ljóst fyrir að hvorki hafi aðstoðarmaður ráðherra leyfi til að óska eftir gögnum né lögreglustjóri til að afhenda þau og væri affarásælast fyrir þau bæði að viðurkenna mistök sín án undanbragða.

Sigríður Björk virðist hins vegar ekkert hafa lært af örlögum innanríkisráðherrans fyrrverandi og þverskallast við að játa nokkra sök hjá sjálfri sér. Segir að embættinu beri að veita ráðuneyti, sem æðra stjórnvaldi, þær upplýsingar sem það óskar og ásakar fréttamenn um að „draga sig niður“ eftir átján ára flekklausan feril. Eins og það komi málinu nokkuð við. Maður sem verður uppvis að því að berja konuna sína getur ekki skýlt sér á bak við það að hann hafi aldrei barið aðrar konur, svo dæmi sé tekið, sú málsvörn heldur engan veginn vatni. Hinn almenni borgari á betra skilið en að þurfa að hlusta á svona innantómt froðusnakk og píslarvættisvæl í nánast hverjum einasta fréttatíma. Það hefur staðið yfir alltof lengi og nú er mál að linn. Lágmarkskrafan er sú að fólk í valdastöðum fari að skrúfa niður í hrokanum og gangast við mistökum sínum í stað þess að forherðast og kvarta og kveina yfir aðför og ofsóknunum þegar gengið er á það um glöp í starfi. Sú framkoma er ekki að skila þeim neinu nema gremju fólksins í landinu og síminnkandi trausti á valdastofnunum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Pránsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnit blaðsins í stafraenu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

2 FYRIR 1

af Varilux margskiptum glerjum

Breiðari lespunktur með nýrri tækni

augað

KRINGLUNNI, 2. HÆÐ.
SÍMI 568 9111

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hrópandinn í eyðimörkinni

Lilja Mósedóttir, hagfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, lýsti strax haustið 2008 yfir því, að Íslendingar ættu að leggja útgönguskatt á þrotabú bankanna. Þannig væri unnt að tryggja Íslendingum væna sneið af tertunni sem þá var, og er, í höndum kröfuhafanna. Lilja mætti ostsinnis í útvarpsþætti þar sem hún talaði fyrir þessu sjónarmiði, en fékk lítinn hljómgrunn hjá flestum sem tjáðu sig um málið. Gagnrýndurnir Lilju komu jafnt úr hópnum hagfræðinga og stjórnmálamanna. Nú er nokkur umræða um leið Lilju Mósedóttir, Liljuskattinn svokallaða, og má segja að margir vildu nú Lilju kveðið hafa. Í stað þess að kveða hana í kútinna á sínum tíma.

Ríkissjóður fái hagnaðinn

Meira af Lilju Mósedóttur. Hún skrifar aftur um það sama: „Eftir banka- hrunið keyptu hræggamasjóðirnir forgangskröfur sem skráðar voru á 100 kr. fyrir 4-30 kr. Þegar greitt verður úr þrotabúnum fá þeir 100 kr. greiddar fyrir þessar forgangskröfur og hagnað á bilinu 96-70 kr. sem rennur beint í vasa þeirra ef ekki verður lagður á útgönguskattur. AGS áætlað að kostnaður skattgreiðenda af hruninu nemi um 750 milljörðum.“

Eignarhlutur hræggamasjóðanna nemur í raun aðeins 4-30 kr.“ Hún segir að þar sem einkaáðilar ollu hruni bankanna og gengisfellingu krónunnar sé réttlætunlegt að setja útgönguskatt á hræggamasjóðina.

Svigrúm til fjárfestinga

Íslensk sjávarútvegssvyrirtæki sjá fram á nokkuð góða tíð, að mati Sjávarklasans, þar sem Þór Sigfússon, fer fyrir sínu fólk. „Sjávarútvegssvyrirtækini sjá áfram fram á nokkuð góða tíð og það hefur einnig áhrif á ákvarðanir um fjárfestingar nú. Umfram allt er endurnýjun fiskiskipaflotans tímabær og fjárhagur margra sjávarútvegssvyrirtækja veitir svigrúm til fjárfestinga sem hann gerði ekki áður.“ En hvað er að baki þessari jákvæðni: „Líkt og aðrar útflutningsgreinar hefur sjávarútvegurinn notið góðs af lágu gengi krónunnar en afurðaverð hefur einnig verið hagstætt, einkum á uppsjávartíðni“, segir í úttekt Sjávarklasans á stöðu útvegsins.

sme@frettabladid.is

HALLDÓR



Er flokkun heimilissorps óþörf?

UMHVERFISMÁL



Björn Guðbrandur Jónsson



Hjálmar Hjálmarsson
Höfundar eru framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Gróðurs fyrir fólk í Landnámi Ingólfs

Eins og fram hefur komið í fréttum hefur kærnefnd útboðsmála stöðvað samningsgerð byggðasamlagsins Sorpu við danskt fyrirtæki um byggingu á gas- og jarðgerðarstöð. Það kemur ekki á óvart því með þessa ráðgerð hefur verið farið leynt, eins og það komi engum í samfélaginu við hvernig stór framkvæmd eins og þessi er hugsuð, hönnuð og framkvæmd. Ráðgerður kostnaður er þó upp á 2,7 milljarða króna.

Það sem vekur furðu okkar við þessi áform Sorpu er hinn einbeitti vilji fyrirtækisins til að sniðganga þátttöku almennings við nýja hætti við meðferð lífræns sorps. Nú ber að taka fram að upplýsingar um gas- og jarðgerðarstöðina eru fengnar úr fjölmiðlum því þær hefur ekki verið að finna á heimasíðu Sorpu. Samkvæmt fréttum þá hefur Sorpa valið einhverja ákveðna tæknilausn af því „... að hún sé eina lausnin sem uppfylli markmið byggðasamlagsins um meðhöndlun lífræns heimilissorps, en tæknin gerir sorpflokkun óþarfa.“ (tilvitnun í frétt í Fréttablaðinu 20. okt. 2014). Hér vaknar sú krafa að byggðasamlag sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins útskýri opinberlega, af hverju beri

að forðast flokkun á lífrænu heimilissorpi.

Flokkun heimilissorps byggir aðeins á litlu leyti á tæknilausnum, hún reidir sig meir á mannlega þáttinn, hugarfar og þátttöku. Mikilsvert er að flokkun heimilissorps gerir almenningi kleift að taka virkan þátt í lausn á vandamálu sem knýja á í samtíma okkar. Sú reynsla sem hefur orðið til hérlandis varðandi flokkun lífræns heimilissorps gefur ekki tilefni til að vantreysta almenningi. Þvert á móti virðist sem fólk sé almennt reiðubúið til að taka á sig þá litlu fyrirhöfn í eldhúsinu, sem því fylgir að aðgreina lífrænt frá ólífrænu. Með því að hún þær sterku vísbendingar er almenningur og samfélagið allt snuðað um býsna ánægjulega og gagnlega upplifun í hversdæginu, nokkuð sem þátttakendur í slíku fyrirkomulagi hafa margoft vitnað um. Það er ekki boðlegt að svo stór ákvörðun, (sbr. „... tæknin gerir sorpflokkun óþarfa.“) skuli eftirlátin þröngum hópi teknókrata, en þess að um það hafi farið fram nein marktæk umræða og án þess að kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafi látið neitt til sín taka.

Hvar eru karlarnir?

Í dag, 25. nóvember, er alþjóðlegur dagur Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi. Með þessum degi er ætlunin að vekja athygli á brýnu máli sem snertir a.m.k. 35% kvenna víðs vegur um heimsbyggðina með beinum hætti, raunar er hlutfallið mun hærra að mati sumra. Það felst veruleg mótsögn í því að kynbundið ofbeldi sé jafn útbreitt og raun ber vitni á sama tíma og heimsbyggðin virðist þokast nær jafnrétti kynjanna. En er það svo? Þokumst við áleiðis?

Þrátt fyrir jafnréttisbaráttu sem staðið hefur um áratugaskeið eigum við enn langt í land með að ná jafnrétti kynjanna og uppræta kynbundið ofbeldi. Nýbirt úttekt World Economic Forum á jafnrétti kynjanna sýnir að umtalsverðum árangri hefur verið náð en niðurstöðurnar benda þó til þess að við eigum enn nokkuð í land. Á þetta bæði við um Ísland og Súrínam, eða í raun sérhvert land sem litið er til. Jafnréttisbaráttan snýst nefnilega um fleira en stefnumið, lagasetningu og reglugerðir. Baráttan fyrir jafnrétti kallar á breytingar á atferli og breytt hugarfar, ekki síst er kemur að neikvæðum staðalmyndum um bæði konur og karla. Hvernig getum við stuðlað að varanlegu jafnrétti kynjanna á meðan hugmyndum um kyn og valdahlutföll er viðhaldið, kynslóð fram af kynslóð?

Það er alltof útbreitt viðhorf að jafnréttismálin séu kvennamál sem rædd séu af konum, fyrir konur. Hugmyndir okkar um ólík hlutverk kynjanna koma þannig í veg fyrir að karlar taki þátt í þessari umræðu með virkum hætti og fela í sér að það sé í raun ekki hlutverk karla að taka þátt í þessari umræðu, hvað þá heldur að vera hluti af lausninni. Fyrir fjölmarga karla eru þetta óþægileg mál sem auðveldara er að forðast.

Karlar í jafnréttisbaráttu

Fyrir réttum tíu árum ávarpaði frú Vigdís Finnbogadóttir norrænt hátiðarmálþing um jafnréttismál í Borgarleikhúsinu að viðstöddum fjölda gesta. Í ávarpi Vigdísar var spurt: „Af hverju eru konur ávallt sendar á fundi þar sem ræða á stöðu kvenna í samfélaginu?“ Spurningin „hvar eru karlarnir“ lá í loftinu þegar Vigdís varpaði fram hugmyndinni um heimsráðstefnu um stöðu kvenna, þar sem aðeins karlar tækju þátt. Orð Vigdísar náðu að fanga staðreynd sem birst hefur á óteljandi alþjóðlegum ráðstefnum og í fundarsölum um gervallan heim undanfarna áratugi. Þessu verður að breyta. Jafnrétti kynjanna er málefni sem tilheyrir okkur öllum; mér, þér, honum og henni.

Fyrr í haust steig leikkonan Emma Watson, sérstakur sendiboði Sameinuðu þjóðanna, fram og ræddi hlutverk karla í jafnréttisbaráttunni og bauð körlum formlega til þátt-

ALJPÓÐAMÁL



Gunnar Bragi Sveinsson
utanríkisráðherra



Winston Lackin
utanríkisráðherra
Súrínam

→ Með sama hætti og í #HeforShe-átakinu þá höfum við sett okkur það markmið að taka þátt í jafnréttisumræðunni á þeirri forsendu að hér sé ekki um kvennamálefni að ræða heldur réttindamál sem snertir okkur öll og kallar á þátttöku allra.

töku í jafnréttisumræðunni. Við höfum þekkt þetta boð. Í janúar á næsta ári munu Ísland og Súrínam standa að svokallaðri rakarastofuráðstefnu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York með það að markmiði að virkja karla og drengi í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og gegn kynbundnu ofbeldi. Við erum ekki þeir fyrstu til að upphuga slíkt. En við erum hins vegar sannfærðir um að það er mál að linni, nú er tíminn til að færa þessa brýnu umræðu ofar á dagskrána á æðsta vettvangi alþjóðasamskipta. Rakarastofuráðstefnan er eitt skref í þá átt.

Með sama hætti og í #HeforShe-átakinu þá höfum við sett okkur það markmið að taka þátt í jafnréttisumræðunni á þeirri forsendu að hér sé ekki um kvennamálefni að ræða heldur réttindamál sem snertir okkur öll og kallar á þátttöku allra. Rakarastofuráðstefnan er framlag okkar til jafnréttisbaráttunnar og til að stöðva hvers kyns ofbeldi og mismunun sem konur og stúlkur verða fyrir dag hvern um allan heim.

Smáþjóðir geta haft áhrif

Hvergi í heiminum hefur náðst að rétta fullkomlega af þann halla sem ríkir milli karla og kvenna, þótt framþróun hafi átt sér stað. Ísland heldur áfram fyrsta sætinu í jafnréttisrannsókn World Economic Forum og á hinum endanum er Súrínam sem hefur tekið að sér forystuhlutverk í jafnréttismálum í Mið- og Suður-Ameríku. Rakarastofuráðstefnan er þannig skýrt dæmi um hvernig tvær smáar þjóðir, sitt hvorum megin á hnettinum, geta lagst á árar og reynt að stuðla að jákvæðum breytingum. Með samhæfðu átaki er unnt að ná árangri. En öll þurfum við að leggja okkar af mörkum til að þoka málinu áfram.

Sem utanríkisráðherrar þessara tveggja þjóða heitum við á þjóðarleiðtoga, þjóðkjörna fulltrúa, athafnamenn og almennig að taka virkan þátt í þessari umræðu og leggja þannig á sveif með jafnrétti kynjanna. Takið þátt! Hvernig sem þið leggið málinu lið, hvort sem það er með því vekja athygli á alþjóðlegum degi SP gegn kynbundnu ofbeldi eða taka þátt í orðræðu í anda rakarastofuráðstefunnar, þá hvetjum við alla til þátttöku.

Ertu með?

GÓÐIR, NÝLEGIR, TRAUSTIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI



MM Pajero 3.2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 61.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 7.490.000



VW Tiguan Track&Style
140 hö. Árgerð 2012, dísil
Ekinn 44.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 5.290.000



VW Golf A6 Trendl. 1.4 TSI
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 88.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 1.990.000



VW Polo 1.2 Trendl. 5 gíra
70 hö. Árgerð 2013, bensín
Ekinn 39.700 km, beinskiptur

Ásett verð: 1.990.000



Skoda Superb Combi
TDI 140 hö. Árgerð 2012, dísil
Ekinn 45.500 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 4.250.000



Skoda Octavia Combi 4x4
1.6 TDI. Árgerð 2011, dísil
Ekinn 61.000 km, beinskiptur

Ásett verð: 3.490.000



Skoda Rapid Amb. 1.2
TSI 86 hö. Árgerð 2013, bensín
Ekinn 28.000 km, beinskiptur

Ásett verð: 2.590.000



Toyota Land Cruiser
150 GX. Árgerð 2012, dísil
Ekinn 36.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 8.490.000



Toyota Yaris Hybrid
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 29.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 2.740.000



Toyota Aygo Terra
Árgerð 2013, bensín
Ekinn 18.500 km, beinskiptur

Ásett verð: 1.690.000


Kíkið inná:
heklanotadirbilar.is

Komdu og skoðaðu úrvalið!



NOTAÐIR BÍLAR

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



KLUKKUPREYTA

Björg Þorleifsdóttir, lektor við læknadeild Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur um klukkupreytu meðal Íslendinga á fimfundaginn klukkan 12.20, á bóksafninu á Keldum.

OptiBac probiotics

„For Women“
gegn sveppasýkingu, bakteríusýkingu og þvagfærasýkingu



Fæst í apótekum og heilsubúðum

OptiBac probiotics

Góð melting styrkir ónæmiskerfið
Stjórnaðu bakteríuflórinni með OptiBac



Fæst í apótekum og heilsubúðum



SIGRÚN EMMA BJÖRNSDÓTTIR



KAREN HAUKSÓTTIR



JÓHANNA SVERRISDÓTTIR

20 KÍLÓ FARIN

GENGUR VEL KYNNIR Raspberry Ketones frá Natures Aid sem hefur hjálpað mörgum að losna við sykurbörfina og þar með aukakílóin. Það inniheldur hindberjakjarna og grænt te og getur haft jákvæð áhrif á fitubrennslu og úthald.

Í mars sl. byrjuðum við að selja Raspberry Ketones á Íslandi. Viðtökurnar voru gríðarlega góðar enda er efnið eitt af mest seldu fitubrennslu- og þyngdarstjórnunarefnum í heiminum í dag. Talið er að Raspberry Ketones geti haft mjög jákvæð áhrif á náttúrulega hormónið adiponectin sem heilbriggt fólk í kjörþyngd hefur mikið magn af í líkamanum. Því meira sem við höfum af adiponectin því auðveldara á fitan með að losna úr frumunum. Ef við borðum óhollan mat og of mikið af honum ásamt því að hreyfa okkur lítið þá verður adiponectin-hormónið óvirkt. Í þeim tilvikum getur Raspberry komið að góðum notum.

Karen Hauksdóttir er 41 árs og starfar við garðyrkju á höfuðborgarsvæðinu. Hún hefur tekið Raspberry Ketones frá því það kom á markað hér á Íslandi og er alsæl. Eftir rúmlega tvær vikur uppgötvaði hún að sykurbörfin sem hún hafði glímt við lengi var alveg farin og í kjölfarið minnkaði mittismálið. Hún hefur misst rúmlega níu kíló frá því í vor.

Sigrún Emma Björnsdóttir er 27 ára íþróttakona og einkaþjálfari í hörkuformi. „Strax á fyrstu vikunni fann ég að sykurlöngunin minnkaði sem mér fannst alveg ótrúlegt miðað við hvernig ég er að jafnaði. Í kjölfarið minnkaði sykurátið og blóðsykurinn varð mun jafnari sem auðveldaði mér að borða bæði minna og hollari mat.“

Jóhanna Sverrisdóttir er rúmlega sextug og býr í Garðabæ. Hún

segist hafa reynt allt til þess að halda sér í kjörþyngd en ekkert gagnaðist. „Ég sá umfjöllun í Fréttablaðinu um Raspberry og ákvað að prófa. Það var eins og við manninn mælt, það fór allt að gerast, kílóin runnu af mér. Þetta efni hentar mér algjörlega enda hef ég misst um tuttugu kíló á mjög stuttum tíma og er alsæl.“

LOKSINS EITTHVAÐ SEM VIRKAÐI

„Þetta efni hentar mér algjörlega enda hef ég misst um tuttugu kíló á mjög stuttum tíma og er alsæl.“

Jóhanna Sverrisdóttir



ÚTSÖLUSTADIR:

Flest apótek, heilsubúðir og verslanir. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is



DÚNÚLPUR OG KÁPUR VEGLEG JÓLAGJÖF

laxdal.is

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Vertu vinur á Facebook

Undirbúningur jólanna er hafinn!

LÉTT BYLGJAN
967

- JÓLASTÖÐIN ÞÍ!

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



JÓLIN 2014
**KRAFTMIKIL
 JÓLAGJÖF**



Electrolux
ESB-4700 Powermix Silence
 Hljóðlátasti blandarinn sem um getur. Þríhyrningslöguð glerkanna tryggir betri blöndun þar sem hráefnið kastast betur til og sogast betur ofan í hnifinn. Minikvörn fylgir fyrir með. Stiglaus hraðastilling. Fullt verð kr. 24.990.-

TILBOÐ
17.990.-
 SPARAÐU 7.000.-

Rafha ehf.
 Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
 Sími 5880500 www.rafha.is



GÓÐAR ÆFINGAR Dagmar, sem er hársnyrtir og myndlistarkona, segir að kraftlyftingarnar geri sér mjög gott. Hún sé sterkari og úthaldsbetri. MYND/DANIEL

OptiBac
 probiotics

One week flat
 Minnkar Pembu og losar vind úr
 meltingunni á viku!



OptiBac
 probiotics

Your short-term course of live cultures, such as L. casei/IT215, to be taken for 7 consecutive days.

„Meltingin er nánast fullkomin eftir að ég fór að nota OptiBac Probiotics gerlana og ég get ekki hugsað mér að vera án þeirra.“
 Marta Eiríksdóttir jógakennari

@OptiBac www.facebook.com/optibaciceland

62 ÁRA MEISTARI Í KRAFTLYFTINGUM

OFURKONA Dagmar Agnarsdóttir, 62 ára, varð um helgina Íslandsmeistari í sínum flokki í kraftlyftingum eftir að hafa æft í rúmt eitt ár. Bikarmótið fór fram á Akureyri en hennar félag er Gróttu á Seltjarnarnesi.

Dagmar byrjaði að æfa kraftlyftingar þegar dætur hennar tvær hvöttu hana til þess. „Dætur mínar höfðu verið að æfa hjá Ingimundi Björgvínssyni og vildu fá mig með sér, rífa mig upp úr sófanum. Ég sló til og þetta reyndist vera bráðskemmtilegt. Ekki síst að við værum að gera þetta saman,“ segir Dagmar. „Þetta þróaðist í þá veru að þjálfarinn, Ingimundur, fór að leggja á það áherslu að ég myndi taka þátt í keppni. Ég var viss um að hann væri að grínast. Síðan varð það úr að ég fór í keppni í réttstöðulyftingum og bar sigur úr býtum,“ segir Dagmar.

GÓÐAR ÆFINGAR

Það er raunar frekar óvenjulegt að kona á þessum aldri stundi kraftlyftingar. Nýleg bandarísk rannsókn sem birt var í Acta Psychologica sýndi að styrktarþjálfun, eins og kraftlyftingar, styrki vöðva og bein auk þess að auka brennslu. Þar að auki sýndi rannsóknin að fólk sem stundar styrktarþjálfun fær betra minni sem gerist með auknu blóðflæði til heila. Dagmar segir það ánægjulegt ef rétt reynist en hún finni mikinn mun á stoðkerfi sínu eftir að hún byrjaði að þjálfa.

„Æfingarnar hafa styrkt mig mikið líkamlega. Það er enginn asi í þessari íþrótt sem hentar mér vel og gerir mér mjög gott. Ég er alltaf með þjálfara með mér, enda myndi ég ekki nenna að vera ein í æfingasal. Ég mæti þrisvar í viku. Í fyrstu fór ég tvisvar í viku en þjálfarinn lagði til að ég kæmi þrisvar. Ég hlýði því sem hann segir,“ segir Dagmar galvösk.

Hún segist auka þyngdina smám saman eftir því sem hún styrkist. „Maður byggir sig upp. Þjálfarinn er ekkert að ögra manni að lyfta of þungu. Ég vil bara styrkja mig og fá góða líkamsbyggingu,“ útskýrir Dagmar.

MARGAR KONUR LYFTA

Hún hafði ekki fundið fyrir neins konar stoðkerfisvandamálum áður en hún byrjaði en gerði sér grein fyrir að áhættan væri til staðar þegar aldurinn færir yfir. Sérstaklega ef fólk hreyfir sig ekkert.

„Ef maður getur komið í veg fyrir slík vandamál eða tafið þau er tilganginum náð. Ég tók alltaf tærni í líkamsrækt en stundaði hana ekki reglulega. Ég dansa þó zumba og finnst það skemmtilegt. Svo hef ég hjólað en verið minna í leikfimi,“ segir Dagmar sem mætir klukkan átta á morgnana áður en hún fer til vinnu. Hún er bæði hársnyrtir og öflug myndlistarkona. „Mér finnst frábært að fara snemma á morgnana,“ segir hún.

Dagmar segir að sífellt fleiri konur velji kraftlyftingar til að styrkja sig. Hún hefur tekið eftir fjölgun kvenna frá því hún byrjaði. „Í þessum æfingum reynir maður á alla vöðva líkamans, ég finn að ég er sterkari og úthaldið miklu betra,“ segir hún. „Þetta er ofboðslega skemmtilegt.“



ÍSLANDSMEISTARINN Dagmar að lyfta á Bikarmótinu í kraftlyftingum á Akureyri um helgina.

Dagmar segist ekkert velta mataræðinu fyrir sér. „Kannski borða ég minna sælgæti og passa mig á unnum kjötvörum,“ segir hún en Dagmar fer á næsta mót í febrúar og síðan á mót í Finnlandi næsta sumar. „Ég get mælt hundrad prósent með kraftlyftingum fyrir allar konur.“

■ elin@365.is

DAGMAR OG KEPPNIN

Dagmar Agnarsdóttir keppti í -57 kg flokki (án hjálpartekja) – 2. sæti og setti 28 Íslandsmet í öldungaflokki 2 og 3. Hún opnaði á 60 kg í hnébeygju með miklu öryggi og átti í kjölfarið góðar og gildar lyftur í 65 kg og 70 kg. Þar á eftir kom bekkpressan. Sem er sú grein sem Dagmar opnaði á 30 kg og tók í kjölfarið 35 kg en átti góðan bardaga við 40 kg. Í réttstöðulyftunni opnaði Dagmar á mjög léttu 85 kg lyftu og tók í kjölfarið 95 kg, jafn öruggt, og fór síðan í allra tíma bætinguna 105 kg sem var tekið upp af hennar einstaka keppnisanda og gleði. Hún endar á sínu fyrsta heila móti með 210 kg sem gefur góð fyrirheit hjá þessari efnilegu kraftlyftingakonu.

visir þú að...

Barnaheill
 Save the Children á Íslandi

Ófæðisfúllir tölvaletkir hafa áhrif á börn.



BJÖRN S. GUNNARSSON Vöruþróunarstjóri MS segir áherslu hafa verið lagða á að draga úr sykri í Skólajógúrtinni án þess að bæta í hana öðrum sætuefnum. MYND/STEFÁN

NÝ OG SYKURMINNI SKÓLAJÓGÚRT

MS KYNNIR Nýja Skólajógúrtin er með minni sykri, er kalkrík og inniheldur trefjar. Hún fæst í þremur bragðtegundum og einnig hrein. Þannig er hægt að blanda út í hana múslíu eða ávöxtum og búa sér til sína eigin jógúrtblöndu.

Nú er komin á markað ný og endurbætt Skólajógúrt frá MS. Að sögn Björns S. Gunnarssonar vöruþróunarstjóra fyrirtækisins var höfuðáhersla lögð á að draga úr sykri í vörnunni án þess að bæta í hana nokkrum öðrum sætuefnum. Nú er heildarkolvetnatalan 8,5 prósent í bragðbættu tegundunum en var áður í kringum 11,5 prósent. Viðbætti sykurinn fer í um 5,5 prósent úr um það bil 7,5 til átta prósentum. „Hér er mesta kúnstin að draga úr sykrunum án þess að það bitni of mikið á bragðgæðum vörunnar“, útskýrir Björn. „Við höfum auðvitað kynnt margar sykurminni vörur til sögunnar undanfarin ár, eins og Frútínu, Krakka-skyr, Jógúrtsopa og fleira en þær hafa því miður ekki náð að festa

sig í sessi. Nú teljum við okkur hafa tekist vel upp, varan er fersk og bragðið í góðu jafnvægi,“ heldur Björn áfram. „Varan uppfyllir nú kröfur Skráargatsins um magn ein- og tvísykra í jógúrtvörum en við ákváðum að taka ekki fituna niður í mörk Skráargatsins sem eru 0,7 prósent fita og af þeim sökum getum við ekki sett merkið á umbúðirnar,“ bendir Björn á.

Nýja Skólajógúrtin er ekki bara með minni sykri, heldur er hún einnig afar kalkrík og inniheldur trefjar. Hún er fánæg í þremur bragðtegundum, með jarðarberja-, ferskju- og bananabragði, ásamt því að nú er hrein Skólajógúrt einnig fánæg. „Okkur fannst mikilvægt að sinna einnig þeim sem vilja helst engan við-

bættan sykri í sinni jógúrt og bjóða upp á hreinan valkost. Í Skólajógúrtinni notum við milda jógúrtgerla þannig að bragðið verður enn mildara en í ýmsum öðrum hreinum afurðum. Það er svo tilvalið að blanda sjálfur í þessa vöru ávöxtum og múslí,“ segir Björn.

Að endingu bendir Björn á að Skólajógúrtin sé síður en svo ætluð börnum eingöngu, heldur öllum sem kjósa sykurmíni mjólkurvörur. „Varan hefur fengið góðar viðtökur og þykir bragðgóð og mild. Hreina tegundin hefur komið mörgum þægilega á óvart, og eru margir farnir að nota hana nú sem grunn til að búa til sínar eigin útgáfur af ávaxtablandaðri jógúrt og líka eina og sér“, segir Björn að lokum.



SOFÐU RÓTT Í ALLA NÓTT

Inniheldur aðeins náttúrulegar jurtir td. Sítrónu Melissu og Chamomillu ásamt blöndu B vítamína og magnesíum.



iittala



10% afsláttur



Gjöf handa þér og þínum

Tekk
www.tk.is
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



GRAM Heimilistæki

FÖNIX

fonix.is • Hátúni 6a • 105 Reykjavík • S. 552 4420

GRÁTUR HEFUR MARGVÍSLEG ÁHRIF

RANNSÓKN Anna Guðríður Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur hefur gert rannsókn á líðan foreldra með óvær börn. Hún fjallaði um fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar á Fræðadögum í byrjun nóvember.

Þrátt fyrir að áhersla á gagnreynda þekkingu í heilbrigðisvísindum hafi aukist undanfarin ár virðist fræðsla og þjónusta við foreldra með óvær ungbörn hafa orðið útundan. Ekki hafa verið skoðaðar þær meðferðir sem hjúkrunarfræðingar á heilsugæslu veita fjölskyldum með óvær ungbörn eða hvort þær gagnist yfirleitt. Því var farið af stað með þessa rannsókn haustið 2012,“ segir Anna Guðríður Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur M.Sc. og verkefnastjóri ung- og smábarnaverndar á Heilsugæslu Selfoss.

Í rannsókninni var foreldrum óværra barna, á aldrinum tveggja til tólf vikna, boðin þátttaka. 27 foreldrar skiluðu gögnum til Önnu en meðal þess sem þeir gerðu var að halda ítarlega dagbók yfir hegðun barnsins í eina viku. Þá svöruðu foreldrarinn nokkrum spurningalistum sem snerust um þunglyndi, kvíða, foreldrastreit og það hvort mæður upplifðu vanhæfni. Listarnir voru lagðir fyrir í upphafi, við þriggja mánaða aldur barns og tíu mánaða aldur.

Helstu niðurstöður Önnu sýndu að 53,8 prósent foreldranna höfðu áhyggjur af gráti barna sinna fyrir tveggja vikna aldur sem þykir mjög snemmt. Mæðrum leið áberandi verr en feðrum. Þær voru með meiri þunglyndiseinkennum, kvíðaeinkennum og foreldrastreitun en feðurnir en almennt gerist hjá mæðrum ungbarna. Flestar mæðurnar upplifðu sig ekki vanhæfar sem mæður líkt og komið hefur fram í erlendum rannsóknir hjá mæðrum óværra ungbarna.

MIKILVÆGT AÐ FRÆÐA FORELDRA

„Mikill grátur er þekktur áhættuþáttur fyrir þróun vanlíðunar hjá foreldrum og getur auk þess haft neikvæð áhrif á samskipti fjölskyldumeðlima, orðið til þess að trufla tengslamyndun foreldra við barnið sitt og í alvarlegri tilvikum orðið valdur að því að foreldrar hristi ungbarnið eða vanræki það. Til dæmis hafa 85 prósent foreldra, sem koma með hrist barn á sjúkrahús erlendis, áður talað við heilbrigðisstarfsfólk,“ segir Anna og telur því afar mikilvægt að foreldrar óværra barna fái stuðning og ráðgjöf.

„Foreldrar óværra barna eru fremur óánægðir með þá þjónustu sem þeir fá auk þess sem þeir segjast fá misvísandi ráðleggingar,“ segir Anna sem telur mikilvægt að heilbrigðisþjónustan mótí eina heildræna stefnu í þessum málum. „Ég lagði í fyrirlestri mínum áherslu á að foreldrar séu upplýstir um hvað er eðlilegt því það getur minnkað kvíða. Við vitum til dæmis að grátur þroskast frá tveggja til sex vikna og að gráturinn eykst markvisst á þessu tímabili. Þetta er mikilvægt að foreldrar viti. Einnig að grátur er yfirleitt meiri seinnipartinn og á kvöldin. Þetta er óútskýranlegt en kemur líklega til vegna þroska heilans,“ segir Anna og bendir á fleiri orsakir óværðar. „Börn taka vaxtarkippi á vissum tíma og þurfa þá meira að drekka,“ segir hún og bendir á að foreldrar þurfi einnig að vita að eðlilegt sé að barn vakni skömmu eftir að það er lagt niður þar sem svefnhrynjandi barna er önnur en hjá fullorðnum.

Hún vill einnig kenna foreldrum að fylgjast með táknum barnsins. „Barnið segir okkur margt, það brosir og hjalar og horfir á okkur þegar því líður vel, en



lítur undan, hóstar, svelgist á og reigir höfuðið aftur þegar því líður illa,“ segir Anna og bendir á að margir foreldrar oförvi barnið sitt.

GAGNLEG RÁÐ

„Þrátt fyrir að búið sé að rannsaka óværð ungbarna og áhrif hennar á fjölskylduna í yfir 50 ár er enn ekki búið að finna ástæðuna fyrir því að ungbörninn verða óvær,“ segir Anna. Margar meðferðir hafa byggst á hugsanlegum orsökum á borð við meltingartruflanir en síðari rannsóknir sýna að einungis 5-10 prósent ungra barna sem gráta mikið eru með orsök af líkamlegum toga. Grátur getur einnig tengst samskiptavanda, kvíða foreldra eða erfiðri skapgerð barns og svo getur mikill grátur líka verið eðlilegur.

Ýmis ráð eru til að hugga óvært barn og Anna telur upp nokkur: „Til dæmis má sveipa barnið, sem er gert með því að vefja það þétt inn í teppi. Þannig minnkar áreitið á þau enda eru þau gjörn á að vekja sjálf sig með kippum. Þá er gott að halda börnum í uppréttri stöðu upp við öxl, eða láta þau liggja lárétt og rugga þeim fram og til baka,“ segir Anna en kengúruaðferðin hefur einnig verið vinsæl. „Hún er mikið notuð á fyrirbura og snýst um að hafa börnin meira ber á bleygunni og hafa þau húð við húð.“

ÁHRIF ÓVÆRÐAR TIL FRAMTÍÐAR

Anna segir rannsóknir misvísandi um áhrif óværðar til framtíðar fyrir foreldra og börn. „Sumir segja að þetta hafi áhrif á tengslamyndun foreldra við barnið sitt, aðrir segja að foreldrar eigi í betri tengslum við óværðu börnin sín. En eitt er ljóst að allir muna mjög vel eftir þessu erfiða tímabili,“ segir Anna. Áhrifin á barnið sjálft eru einnig óljós. „Sumir tala um að óvær börn séu viðkvæm og séu líklegri til að þróa með sér svefn- og hegðunarvandamál.“

MENNINGARMUNUR

Anna á enn eftir að vinna úr gögnunum sem foreldrarinn skráðu í dagbækurnar. Hún segir fróðlegt að vita niðurstöðurnar úr þeim. Í erlendum rannsóknum hefur til að mynda komið í ljós að sumir foreldrar haldi að börnin gráti meira en þau í raun geri. „Þarna getur oft verið nokkur menningarmunur. Foreldrar í Malí skrá mun minni grát en foreldrar í London en gögn sýna að gráturinn er sá sami. Þetta er því oft spurning um hvernig fólk upplifir grátinn.“

GRÁTUR Þrátt fyrir að búið sé að rannsaka óværð ungbarna og áhrif hennar á fjölskylduna í yfir 50 ár er enn ekki búið að finna ástæðuna fyrir því að ungbörninn verða óvær.

NORDICPHOTOS/GETTY



ANNA GUÐRÍÐUR GUNNARSÐÓTTIR hjúkrunarfræðingur M.Sc. og verkefnastjóri ung- og smábarnaverndar á Heilsugæslu Selfoss.

ÁHÆTTUÞÁTTUR

„Mikill grátur er þekktur áhættuþáttur fyrir þróun vanlíðunar hjá foreldrum og getur auk þess haft neikvæð áhrif á samskipti fjölskyldumeðlima, orðið til þess að trufla tengslamyndun foreldra við barnið sitt og í alvarlegri tilvikum orðið valdur að því að foreldrar hristi ungbarnið eða vanræki það.“

■ solveig@365.is

STÖÐ TIL AÐ VERA Í STUÐI MEÐ!

FMAX KLASSÍK FM 103,9

VIÐ SPILUM ÞAÐ SEM OKKUR SÝNIST TÓNLIST FRÁ 1990 TIL DAGSINS Í DAG

SIÓNVARP FMX.IS ÚTVAPPID ÚTVARPID

ALDREI HRAUSTARI

BALSAM KYNNIR CURCUMIN frá Natural Health Labs. Allt að 50 sinnum áhrifameira en hefðbundið túrmerik! Tilvalið fyrir þá sem vilja styrkja liðamótin, auka liðleika, bæta heilastarfsemi og andlega líðan, auka orku ásamt því að losna við langvarandi liðverki, bólgu, gigt og magavandamál.

Ingunn Lúðvíksdóttir er þriggja barna móðir, hjúkrunarfræðingur og crossfit-þjálfari í Sport-húsinu. Ingunn hefur stundað Crossfit af kappi síðan 2009 og er núverandi Íslandsmeistari í aldursflokki 35-39. Hún er jafnframt núverandi Evrópu-meistari í liðakeppni, hafnaði í 2. sæti árið 2012 og varð Evrópumeistari með liði CrossfitSport árið 2011 ásamt því að hafa keppt á heimsleikunum með liði CrossFitSport þrisvar sinnum. Ingunn þekkir því vel mikið álag á líkamann.

„Ég hef tekið inn Curcumin í nokkra mánuði og mér líður mun betur í öllum líkamanum og eftir æfingar. Mér finnst ég vera orkumeiri og eins og ég hafi aldrei verið hraustari.“

LIÐIRNIR ALDREI STERKARI OG BÓLGURNAR FARNAR

Ingunn kynntist Curcumin fyrir nokkrum mánuðum. „Ég er mjög hrifin af öllu náttúrulegu og finnst gaman að prófa eitthvað nýtt. Nú tek ég Curcumin daglega og ég finn greinilega að liðamótin eru sterkari og ég þoli meira álag en áður. Bólgu sem ég hef fengið eftir æfingar og daglegt amstur eru horfnar. Mér finnst ég betur geta hámarkað mig á æfingum ásamt því að vera fljótari að jafna mig. Ég skora eindregið á fólk að prófa Curcumin.“



CROSSFIT Ingunn Lúðvíksdóttir mælir eindregið með Curcumin.

MYND/GVA

■ CURCUMIN (gullkryddið) er virka innihaldsefnið í túrmerikrótinni og hefur verið notað til lækninga og til matargerðar í yfir tvö þúsund ár í Asíu. Hátt í 3.000 rannsóknir hafa verið gerðar á þessari undrarót undanfarna áratugi sem sýna að curcumin getur unnið kraftaverk gegn hinum ýmsum kvillum líkamans og sé jafnvel áhrifameira en skráð lyf. Curcumin hefur jákvæða verkun gegn slæmum liðum, gigt, bólgu og magavandamálum, styrkir hjarta- og æðakerfið ásamt því að bæta heilastarfsemi og andlega líðan. Hreint **CURCUMIN** er margfalt áhrifameira en túrmerik. **■ CURCUMIN**-innihald túrmeriks er ekki mikið, aðeins um 2-5% miðað við þyngd, og því getur hreint curcumin orðið allt að 50 sinnum áhrifameira en túrmerik. Curcumin-bæti efni eru því kjörin lausn fyrir þá sem vilja fá hámarksávinning frá túrmerikrótinni á þægilegan máta.



100% NÁTTÚRULEGT

Bæti efnið er unnið úr túrmerikrót frá Indlandi og er 100% náttúrulegt, inniheldur engin rotvarnarefni og er framleitt eftir ströngustu gæðakröfum (GMP-vottað).



RÁÐLÖGÐ NOTKUN Taktu tvö grænmetishylki með vatnsglasi yfir daginn.

SÖLUSTADIR

Nær öll apótek, Lyfja, Lyf og heilsa, Apótekið, Apótekarinn, Heilsuhúsið, Heilsuver, Fjarðarkaup, Hagkaup, Heimkaup, Heilsutorgið Blómavali og heilsulaun.is.

OFURFÆÐA GEGN VEIKINDUM

BALSAM KYNNIR HAWAIIAN NONI-ÁVÖXTUR Nýjasta frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja stuðla að langlífi, styrkja ónæmiskerfið, auka orku, hreysti og bæta líðan. Verðu þig gegn veikindum í vetur!

SÍGRÆNN HEILSUÁVÖXTUR

Noni-ávöxturinn er sígrænn allan ársins hring og er rómaður fyrir að stuðla að langlífi, betri heilsu og betri líðan. Ávöxturinn kemur upprunalega frá Kyrrahafseyjum og flokkast sem ofurfæða vegna þess hve einstaklega ríkur hann er af næringarefnum. Hann er þekktur af innfæddum sem veikindabaninn og í pólýnesískum goðafræðum er greint frá því að guðinn Maui hafi verið endurlífgaður með þessum magnaða ávexti.



ÓMAR ÞÓR ÓMARSSON framkvæmdastjóri Balsams.

framkvæmdastjóri Balsams. Hann inniheldur um 150 þekkt næringarefni sem líkaminn þarf til vaxtar, viðhalds og heilsu. Hann er auðugur af A-, B-, C- og E-vítamíni, járni, kalki, kalíum, sinki og inniheldur 17 af 20 lífsnauðsynlegum aminosýrum.

HREIN AFURÐ FRÁ HAVAÍ



Noni sem ræktað er af heimamönnum á Havaí er oft talið það hreinasta og áhrifaríkasta í heiminum. Fæðubótarefnið er 100% náttúrulegt, lífrænt vottað, framleitt eftir ströngustu gæðakröfum (GMP-vottað) og frábær lausn fyrir þá sem vilja njóta næringar ávaxtarins á þægilegan máta.

ALLRA MEINA BÓT

Rannsóknir sýna að noni-ávöxturinn styrkir ónæmiskerfi og varnarkerfi líkamans. Hann gefur aukna orku, jafnar blóðþrýsting, bætir melt-inguna, eflir starfsemi hjarta, lifrar og nýrna, linar verki, styrkir liði, minnkar bólgu ásamt því að gefa fallegt og unglegt útlit. Þá er noni þekktur fyrir að auka vellíðan þar sem hann er ríkar af pro-xeroníni en aðrir ávextir, en efnið er nauðsynlegt frumum líkamans og styður við myndun serótóníns í heila.

BURT MEÐ VEIKINDIN

„Noni-ávöxturinn er tilvalinn fyrir þá sem vilja bæta heilsuna, hreysti og verja sig gegn veikindum í haust og vetur,“ segir Ómar Þór Ómarsson,



RÁÐLÖGÐ NOTKUN Taktu eitt til þrjú grænmetishylki með vatnsglasi yfir daginn.

VISSIR ÞÚ að noni inniheldur um 150 þekkt næringarefni sem bæta heilsuna?

SÖLUSTADIR

Fáanlegt í nær öllum apótekum, Lyfju, Apótekinu, Heilsuhúsinu, Heilsutorgi Blómavals, Hagkaupi, Heimkaupum, Fjarðarkaupum, Sportlífi og Heilsulaun.is.

MARKAÐSÖFLIN RÆNA GLEÐINNI

HEILSA Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi flytur erindi um markaðssetningu jólaanna á morgunverðarfundum samtakanna Náum áttum á morgun. Þar er spurt: „Eru jólin hátíð allra barna?“ Vilborg segir fólk eiga erfitt með að standa undir tilbúnum væntingum.

Ég geri það að umtalsefni hvernig jólin eru markaðssett og hvernig það reynist þeim hópi sem leitar til okkar hjá Hjálparstofnun kirkjunnar afar erfitt að standa undir þeim væntingum sem umhverfið býr til,“ segir Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstofnun kirkjunnar, en hún flytur erindið „Markaðssetning jólaanna“ á morgunverðarfundum samtakanna Náum áttum, sem haldinn verður á Grand Hótelu í fyrramálið.

Vilborg segir það niðurbrjótandi fyrir þann hóp sem hefur lítið milli handanna að standa ekki samanburð nú þegar mesti verslunartími ársins fer í hönd, ekki síst fyrir börn.

„Utanaðkomandi öfl ráða því mikið til hvernig upplifun fólks verður á því hvernig það stendur sig og það er erfitt fyrir bæði foreldrana og börnin. Það reynist börnunum erfitt að heyra að gsm-sími eða spjaldtölva sé „jólaljögfin í ár“ og „allir“ eiga að fá, en þau fá kannski eitthvað allt annað og minna. Mér er í fersku minni eftir að kreppan skall á þegar lopapeysan var jólaljögfin ársins. Þá var ekki erfitt að standa undir væntingunum sem for-

eldri. Árið eftir var það spjaldtölva. Sá hópur sem hefur ekki mikið milli handanna og leitar til Hjálparstofnunar kirkjunnar þarf oftast en ekki að þiggja eitthvað sem aðrir velja í jólaljögfin handa börnunum sínum. Sá hópur hefur ekki val um hvað það setur undir tréð. Þetta getur leitt til þess að börn segja ósatt um það sem þau fá í jólaljögfin til að falla í hópinn sem síðan kallar á meiri vanlíðan yfir því að segja ósatt,“ segir Vilborg og bætir við að þessi utanaðkomandi pressa sé ekki í anda jólaanna.

„Ég sé ekki ástæðu fyrir þessari markaðssetningu jólaanna, af hverju að velja „jólaljögfin ársins“, fyrir hvern er þetta gert? Ég tel það ekki í þágu neytenda nema að litlu leyti, en setur ekki bara foreldra með lítið milli handanna heldur líka venjulegt fólk í bobba. Ef það þarf að markaðssetja jólin þyrfti það að vera í takt við samfélagið,“ segir Vilborg. „Það fylgir því engin gleði að miða sig við eitthvað sem aldrei getur orðið. Það er ekki í anda jólaanna.“

Á morgunverðarfundinum taka einnig til máls Ása Margrét Sigurðardóttir, sálfræð-



EKKI Í ANDA JÓLANNA Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi segir tilbúna væntingar setja margar fjölskyldur í bobba um jólin. MYND/STEFÁN

ingur SÁÁ, en hún fjallar um hvort áfengisneysla foreldra sé viðeigandi kringum börn á jólu. Þá talar Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi um jól í stjúp fjölskyldum.

Dagskrá fundarins má kynna

sér á vefsíðunni www.naumattum.is. Að Náum áttum standa meðal annarra Landlæknisembættið, Barnaverndarstofa, Reykjavíkurborg og Heimili og skóli svo einhverjir séu nefndir.

■ heida@365.is

TILBÚNAR VÆNTINGAR

„Það fylgir því engin gleði að miða sig við eitthvað sem aldrei getur orðið.“

SOHO

Vinsælu dúnúlpurnar eru komnar aftur

9 litir í boði

Verð aðeins
9.990 kr.

TILBOÐ VIKUNNAR

SOHO MARKET

Grensásvegi 8 - Sími 553 7300
Opid mánudaga – fimmtudaga 12-18
Frestudaga 12-19 og laugardaga 12-17



SOHO/MARKET
A FACEBOOK



Matarsóða, kókosolíu og vatn má nota til að hreinsa tennurnar ef burstinn gleymist.

BURSTINN GLEYMIST

Nokkrar einfaldar aðferðir til að hreinsa tennurnar án þess að tannburstinn komi við sögu.

Stundum kemur það fyrir að við getum ekki tannburstað okkur þegar á þarf að halda. Gleymdum kannski burstanum þegar við pökkuðum niður í bústaðarferðina, eða þurfum að hreinsa munninn eftir máltíð. Þá þarf að bjarga sér með einhverjum ráðum og þessi finnast á netinu. Athugið að þau eru einungis skammtímabjargráð en koma ekki í staðinn fyrir tannburstun kvílds og morgna.

■ Prófaðu að skola munninn hressilega með vatni. Það ætti að leysa matarleifar og óhreinindi af yfirborði tannanna. Mundu bara að spýta því út, og í vaskinn.

■ Ef vatnsskolunin er ekki nóg er ráð að veifa servéttu eða pappírspurrku um vísifingurinn og nota

hann eins og tannbursta. Þessi aðferð ætti að hreinsa tennurnar nógu vel þangað til þú kemst aftur í burstann þinn.

■ Matarsódi var notaður til að hreinsa tennurnar áður en tannkremið kom til sögunnar svo ef þú kemst í matarsóða er tilvalið að blanda örlytu vatni út í og nudda því með fingrinum yfir tennurnar. Mundu bara að skola munninn á eftir. Matarsódi hvíttar einnig tennurnar.

■ Farðu umferð með tannþræði og skolaðu svo á eftir með vatni.

■ Skolaðu munninn með olíu.



